

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 10. október 2024

Mál nr. S-3417/2024:

Héraðssaksóknari

(*Arnþrúður Þórarinsdóttir saksóknari*)

gegn

X

(*Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður*)

(*Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður, réttargæslumaður brotaþola*)

Dómur

1. Mál þetta, sem dómtekið var 13. september 2024, er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðs-saksóknara 6. júní 2024, á hendur X, kt. [...], [...], „fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 25. júní 2023 að [...], í sófa í stofu, haft önnur kynferðismök en samræði við A, kennitala [...], án hennar samþykkis, en ákærði beitti A ólögmati nauðung er hann stakk fingrum í leggöng hennar og sleikti kynfæri hennar, þrátt fyrir að A hafi ítrekað beðið ákærða að hætta, hafi grátið, reynt að ýta ákærða frá og hafi reynt að halda fyrir kynfæri sín er ákærði ætlaði að sleikja kynfæri hennar en ákærði hafi þá haldið höndum hennar frá, þannig að hún náði ekki að halda fyrir kynfæri sín.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Fyrir hönd A, kt. [...], er krafist miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 3.000.000 auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. júní 2023 til þess dags er mánuður er liðinn frá því bótakrafa þessi er kynnt sakborningi, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist greiðslu kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar að mati dómara eða síðar framlögðum reikningi, auk virðisaukaskatts á málskostnað.“

2. Verjandi ákærða krefst þess aðallega fyrir hans hönd að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í málinu en til vara að honum verði gerð vægasta refsing er lög leyfa. Þá er þess

aðallega krafist að einkaréttarkröfu A verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð stórlega. Loks er gerð krafa um málsvarnarlaun skipuðum verjanda ákærða til handa og að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

I

Málsatvik

3. Helstu atvik málsins eru þau að leiðir ákærða og vitnisins A, ætlaðs brotaþola í málinu, lágu saman aðfaranótt sunnudagsins 25. júní 2023 á skemmtistaðnum Auto í Reykjavík. Hafði vitnið B bókað svonefnt flöskuborð á staðnum, en þangað komu bæði ákærði og A, ásamt fleira fólki. Ákærði og B þekktu til A, þar sem hún er systir vinar þeirra beggja. Einhver samskipti áttu sér stað á Auto á milli ákærða og B, annars vegar, og A, hins vegar, en vel mun hafa farið á með þeim og allir skemmt sér vel.
4. Eftir lokun Auto kl. 04:30 yfirgáfu gestir staðinn. Eftir að hafa dvalið um stund utandyra hélt hópur fólks í íbúð í [...], þar sem A bjó ásamt kærasta sínum, þ.e. þegar hún var á Íslandi, en hún stundar nám í [...]. Bar A að hún hefði leyft hópnum að bíða eftir bíl í íbúð sinni en aðrir hafa rætt um að um eftirpartý hafi verið að ræða. Frásögnum ber ekki saman um það hvort ákærði og vitnið B hafi þrýst á A um að halda eftirpartý, líkt og hún og fleiri hafa haldið fram, eða hvort vitnið A hafi verið sátt við að halda slíkt partý, en ákærði og B hafa borið að svo hafi verið.
5. Frásögnum ber ekki heldur saman um það hvort hópurinn hafi komið í einu eða tvennu lagi í íbúð A. Frásögnum ber sömuleiðis ekki saman um það hvort ákærði hafi fylgt þeim hluta hópsins sem upphaflega hélt í íbúð A eða hvort hann kom þangað síðar, með vitnunum C og D. Hafa ákærði og vitnin C og D lýst því að þau hafi komið á eftir hinum til A, eftir að ákærði hafði rætt við vitnið B í síma. Önnur vitni voru ýmist ekki viss eða töldu að hópurinn hefði komið allur saman í íbúðina.
6. Ákærða og þeim vitnum sem í íbúð A voru þessa nótt ber aftur á móti saman um að í íbúðinni hafi verið, auk ákærða og A, B, C, D, E og F. Við upphaflega skýrslu sína hjá lögreglu, 22. ágúst 2023, nefndi A þó aðeins sex af þessum sjö einstaklingum, en minntist ekki á að vitnið C hefði verið í íbúðinni. Hún kannaðist hins vegar við það í síðari skýrslu sinni fyrir lögreglu, 7. nóvember 2023, svo og fyrir dómi, að C hefði verið í íbúðinni, ásamt hinum sem talin eru upp hér að framan.
7. Frásögnum ber einnig saman um að eftir að í íbúð A var komið hafi vitnið B farið inn í svefnherbergi íbúðarinnar, lagst þar í rúm og hlaðið síma sinn. B hafi verið þar mestan hluta þess tíma sem hann hafi verið í íbúðinni. Kom einnig fram að A hafi jafnframt verið í svefnherberginu, en þó ekki allan tímann. Afgangur hópsins mun hafa verið frammi í stofu íbúðarinnar, en ákærði og vitnið D þó einnig farið inn í svefnherbergið til A og B. Þá ber frásögnum saman um að vinkona

A, E, hafi þurft að kasta upp er ákærði var á salerninu og þær vinkonur komið þangað inn. Ákærði hafi nokkru síðar yfirgefið salernið.

8. Vitnið A hefur haldið því fram að vitnið B hafi viðhaft óviðeigandi ummæli við hana í svefnherbergi íbúðarinnar þessa nótt og togað hana til sín. Hafi henni brugðið svo að snöggrunnið hafi af henni. Það kannaðist B ekki við. Þá liggur fyrir að ákærði tók ljósmynd sem sýnir A sitja ofan á B í rúmi svefnherbergisins. Er óumdeilt að sú mynd var tekin umrædda nótt. Var A þá klædd í gráan eða grágrænan bol eða topp með hlýrum og grátt eða ljóst pils.
9. Samkvæmt frásögnum ákærða og vitnanna C, B og D yfirgáfu B og D íbúðina á undan öðrum, en aðrir sem taldir hafa verið upp hér að framan hafi áfram verið í íbúðinni. A hefur hins vegar ein haldið því fram, þ.e. í skýrslu sinni hjá lögreglu 7. nóvember 2023 og fyrir dómi, að vitnið C hafi farið á sama tíma og B og D, ef ekki fyrr. A nefndi það hins vegar ekki í upphaflegri skýrslu sinni hjá lögreglu, 22. ágúst 2023, eins og áður segir, að C hefði verið í íbúðinni og þar af leiðandi ekki hvenær hann yfirgaf hana.
10. Vitnin E og F treystu sér ekki til að segja til um það hvenær C hefði yfirgefið íbúðina, þar sem þau hafi verið farin að sofa. E mun hafa farið að sofa í svefnherbergi íbúðarinnar um svipað leyti eða rétt áður en vitnin B og D yfirgáfu hana. Kvaðst F hafa gengið til náða stuttu á eftir henni og orðið var við það að fólk var að fara, er hann hafði lokað svefnherbergishurðinni. Eftir það kvaðst hann hafa heyrt raddir tveggja einstaklinga og ályktað að um ákærða og A væri að ræða.
11. Ákærði og vitnið C hafa borið að þeir hafi setið í stofu íbúðarinnar er A hafi komið fram, eftir að B og D voru farin og E og F voru farin að sofa. Báru þeir að A hefði komið fram og þá verið klædd í gráan topp eða hlýrabol, en á nærbuxunum. Þá hafi hún verið með sæng. Báru þeir sömu-leiðis að A hefði sest þétt upp við ákærða, sem hafi setið í sófanum, en C hafi setið í stól á móti þeim. Þá báru ákærði og C að þau þrjú hefðu rætt saman í um fimm til tíu mínútur, en C síðan yfirgefið íbúðina.
12. A hefur aftur á móti borið að hún hafi farið inn í svefnherbergi eftir að B, D og C hafi verið farin og háttað sig. Hún hafi svo komið fram á bol og í nærbuxum, en með sæng vafða utan um sig þannig að ekki hafi sést að hún hafi verið á nærbuxunum. Kvað A að ákærði hefði þá einn verið í stofunni. Þá sagði hún í fyrstu fyrir dómi að hann hefði setið í öðrum enda sófans og hún sest í hinn. Er hún var minnt á það að hún hefði í upphaflegri skýrslu sinni hjá lögreglu sagt að hún hefði sest fyrst og svo ákærði, þá sagðist hún hafa munað hlutina betur er hún hafi gefið upphaflega skýrslu sína hjá lögreglu.
13. Ákærði og A eru sammála um að ákærði hafi haft kynferðismök við A þessa nótt og meðal annars sett fingur inn í leggöng hennar og sleikt kynfæri hennar. Þeim ber hins vegar ekki saman um það hvort þau kynferðismök hafi verið með samþykki A eða án hennar samþykkis. Þá ber þeim ekki

saman um aðdraganda þessa eða eftirmála, eða hvort A hafi í verki tekið þátt í hinum kynferðislegu athöfnum þannig að ákærði hafi mátt ætla að samþykki hennar lægi fyrir. Þeim ber saman um að hin kynferðislega háttsemi hafi hætt, en greinir á um hvers vegna og hversu lengi hún varði.

14. Ákærða og A, sem voru tvö ein þegar hér var komið við sögu, ber saman um að þau hafi rætt saman eftir að hinni kynferðislegu háttsemi lauk, en þeim ber ekki saman um hve lengi eða um hvað. A hefur borið að þau hafi rætt saman í stutta stund, en ákærði að þau hafi rætt lengi saman, í einn og hálfan til tvo klukkutíma. Eins ber þeim ekki saman um hvað þeim fór á milli er þau skildu þennan morgun. Fyrir liggja gögn til staðfestingar á því að ákærði hafi leigt far með Hopp-hjóli kl. 08:05 að morgni 25. júní 2023 á horni Austurstrætis og Lækjargötu.
15. Er ákærði hafði yfirgefið íbúðina átti A myndsamtal við vinkonu sína og samnemanda í [...], vitnið G, þar sem hún greindi henni frá atvikum næturinnar. Þá ræddi hún einnig við vinkonu sína, vitnið E, um málið er þær vöknudu og eftir atvikum F, kærasta E. A átti einnig samtöl við H, kærasta sinn, og foreldra sína sama dag, svo og við vitnið I, vinkonu sína og samnemanda í [...], mánudaginn 26. júní 2023.
16. A leitaði á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis á bráðamóttöku Landspítalans mánudaginn 26. júní 2023, en var sagt að koma daginn eftir. Símasamband var haft við hana frá neyðarmóttökunni þriðjudaginn 27. sama mánaðar og hún boðuð til viðtals miðvikudaginn 28. sama mánaðar. Líkamsskoðun fór þó einhverra hluta vegna ekki fram, heldur var aðeins tekið við hana viðtal.
17. Þriðjudaginn 27. júní 2023 sendi ákærði A skilaboð í gegnum Instagram og áttu þau nokkur samskipti í framhaldi af því. Í skilaboðum sínum kvaðst ákærði meðal annars ekki kannast við að hafa brotið gegn A umrædda nótt, en A lýsti þeirri afstöðu sinni að hin kynferðislega háttsemi hefði ekki verið með hennar vilja.
18. Föstudaginn 30. sama mánaðar hitti A vitnið D, sameiginlega vinkonu sína og ákærða, og ræddi málið við hana. Þá hitti A vitnið B í sömu viku og ræddi málið við hann. Baðst hann afsökunar á því að hafa verið óviðeigandi við A þótt hann myndi ekki eftir því að hafa viðhaft óviðeigandi ummæli við hana eða að hann hafi sýnt af sér aðra óviðeigandi hegðun gagnvart henni.
19. Þann 22. ágúst 2023 lagði A fram kæru á hendur ákærða hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Gaf hún skýrslu þann dag og aftur þann 7. nóvember sama ár. Hinn 22. febrúar 2024 sendi héraðssaksóknari bréf til A þar sem henni var tilkynnt að ekki yrði talið að það sem fram hefði komið í málinu væri nægilegt eða líklegt til sakfellis í sakamáli, með hliðsjón af þeim sönnunarkröfum sem gerðar eru í slíkum málum. Var ákærða tilkynnt um niðurfellinguna sama dag.

20. Þann 19. mars 2024 kærði A niðurstöðu héraðssaksóknara til embættis ríkissaksóknara, sem felldi ákvörðun héraðssaksóknara um niðurfellingu málsins úr gildi og lagði fyrir héraðssaksóknara að gefa út ákæru í málinu, sbr. 152. gr. laga nr. 88/2008. Ákæra var sem fyrr segir gefin út í málinu 6. júní 2024.

II

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

21. Í skýrslu ákærða fyrir dómi kom meðal annars fram að hann hefði umrætt kvöld og nótt verið í afmælisveislu hjá ömmu sinni, en síðar haldið á skemmtistaðinn Auto í Reykjavík, eftir viðkomu á öðrum bar. Kvaðst ákærði hafa verið kominn á Auto um kl. 01:20 um nóttina, þar sem hann hafi skemmt sér vel ásamt fleira fólki. Þau hafi verið á og við svonefnt flöskuborð á staðnum og fólk komið þar að. Ákærði kvaðst engin samskipti hafa átt við vitnið A fyrr um kvöldið, þ.e. áður en á Auto hafi verið komið, en hann hefði þekkt bróður hennar lengi og umgengist hana sem systur hans.
22. Ákærði kvað A hafa komið seinna en hann á Auto þetta kvöld og að hún hafi mikið verið á flöskuborðinu og í kringum þá B. Ákærði hafi til að mynda farið á barinn og A þá bankað í öxl hans og viljað bjóða honum upp á drykk, sem hún hafi greitt fyrir með korti B. Kvað ákærði að á milli þeirra A hafi verið öðruvísi „vibe“ en áður og að þau hafi sýnt hvort öðru meiri áhuga en áður. Hann hafi þó ekki mikið þælt í því. Ákærði neitaði því hins vegar að hann hefði sagt nokkuð óviðeigandi við A. Hann hafi heldur ekki heyrt B viðhafa óviðeigandi ummæli við hana. Um fimm mínútum eftir lokun Auto, eða um kl. 04:35 þennan morgun, hafi þau farið út.
23. Ákærði kvaðst hafa dvalið utandyra um tíma, ásamt fleira fólki, en síðan heyrt í B, sem þá hafi verið kominn heim til A. Kvaðst ákærði hafa haldið þangað ásamt vitnunum C og D. Hann kannaðist hins vegar ekki við að hafa þrýst á A um að halda eftirpartý en lýst áhuga á því að fara í slíkt partý. Kvað ákærði að er hann hafi komið í íbúðina hafi þar verið fyrir vitnin B, A, E og F.
24. Ákærði kvaðst hafa séð í gegnum opnar dyr hvar B lá flatur á bakinu í rúmi í svefnherbergi íbúðarinnar. A hafi setið klotvega ofan á honum, með fætur sína hvorn sínum megin við B, og þau verið að spjalla. A hafi á þeim tíma verið í gráum hlýraból og pils. Hún hafi hins vegar verið í öðrum bol á Auto fyrr um kvöldið, hvítum að lit. Þau þrjú hafi jafnframt skipst á orðum og B stungið upp á því að þau færu í „threesome“, en þau hafi öll hlegið að þeirri uppástungu. Kvaðst ákærði hafa tekið mynd af B og A inni í svefnherberginu. Hélt hann að þau hefðu vitað af því er hann tók myndina, enda hefði ekki verið um neina leynimynd að ræða og þau ekki verið að gera neitt sem leynd hefði átt að ríkja um.
25. Ákærði kvaðst síðar hafa farið á salernið í íbúð A. Er hann hafi verið þar að pissa hafi A komið inn og sagt að vitnið E þyrfti að æla. Ákærði hafi lokið við að pissa og A og E komið inn. Hann

hafi farið fram aftur og haldið áfram að spjalla við aðra gesti í stofunni. Aðspurður um eigið ölvunarástand og ölvunarástand A svaraði ákærði því til að ástand þeirra hefði verið venjulegt og áþekkt. Bæði hefðu verið búin að drekka, en bæði meðvituð um umhverfi sitt og gjörðir. E hafi verið ofurölvi og F næst á eftir henni, en aðrir verið hressir.

26. Ákærði greindi frá því fyrir dómi að B og D hefðu yfirgefið íbúðina fyrst allra, en þau hefðu farið saman úr íbúðinni. Eftir hafi þá verið vitnin F og E, sem hafi verið í svefnherbergi íbúðarinnar, ákærði og vitnið C, sem hafi verið í stofu íbúðarinnar, svo og A. Kvaðst ákærði hafa setið í sófa og vitnið C í stól á móti honum. A hafi þá komið fram, eftir að hafa verið inni í svefnherbergi íbúðarinnar, og sest hjá honum í sófann, þétt upp við lærið á honum. Hún hafi á þeim tíma verið farin úr pilsu sem hún hafi áður verið klædd í en enn klædd í gráan topp og g-streng. Þá hafi hún verið með sæng. Um hafi verið að ræða sama bol eða topp og hún hafi klæðst er hann hafi tekið ljósmynd af henni sitjandi ofan á B. Kvað ákærði að þau þrjú hefðu eftir þetta spjallað saman í á að giska fimm til tíu mínútur, en C síðan yfirgefið íbúðina.
27. Ákærði lýsti því fyrir dómi að þau A hafi byrjað að kyssast og snerta hvort annað í sófanum stuttu eftir að C hafi verið farinn. Ekki hafi þó verið um tungukossa að ræða. Ákærði kvaðst hafa kysst A á hálsinn, en hún þá lyft toppnum upp fyrir brjóst og hann kysst á henni brjóstin. Þegar hann hafi verið að kyssa á henni brjóstin hafi hún sjálf farið úr nærbuxunum og hann þá farið niður á hana. Hann hafi átt við hana munnmök, sett einn fingur inn í leggöng hennar og puttað hana í örskamma stund. A hafi þá beðið hann um að bíða og þá ekki verið í sama gír og áður. Hún hefði hins vegar aldrei beðið hann um hætta. Hún hafi hins vegar sagt að þau gætu ekki haldið framhjá og að hún væri ömurleg kærasta. Hún hafi á þeim tímapunkti verið orðin leið en ekki fellt tár. Ákærði kvaðst hafa reynt að hughreysta hana. Atlotum þeirra hafi þá verið lokið. Þau tvö hafi hins vegar haldið áfram að spjalla í góða stund, þ. á m. um [nám] A í [...], [...], [...] og [...], sjálfsmat A og fleira. Kvaðst ákærði hafa yfirgefið íbúðina um kl. 08:00 þennan morgun og tekið Hopp-hjól heim. Áður hafi þau A kysst að skilnaði.
28. Ákærði neitaði því fyrir dómi að hafa rætt ljósmyndina, sem hann hafði tekið af A og B fyrr um nóttina, við A eða að hafa hótad henni með myndinni, hvorki um morguninn né síðar. Ákærði neitaði því einnig að atlot þeirra A hefðu verið harkaleg. Þá kvað hann hana aldrei hafa reynt að hörfa undan honum eða líta til hliðar. Þá kvaðst hann einu sinni hafa spurt A á meðan á atlotum þeirra stóð hvort þau ættu að „gera þetta“ og hún svarað því játandi. Kvaðst ákærði þá hafa átt við hvort þau ættu að halda framhjá mökum sínum, en þau hafi bæði verið í sambandi. Kvað ákærði A jafnframt hafa sýnt samþykki sitt fyrir kynmökunum í verki, með þátttöku sinni í þeim, en hún hafi meðal annars sest þétt upp við hann í sófanum, átt jafnt frumkvæði að kossum þeirra og sjálf lyft upp toppnum og klætt sig úr nærbuxunum. Ákærði kvaðst hins vegar enn hafa verið í sínum fötum.

29. Ákærði sagði A aldrei hafa reynt að ýta honum frá á meðan á atlotum þeirra hafi staðið, frekar öfugt. Þá hafi hún aldrei sagt að hann væri að meiða hana. Eins hafi þau rætt heillengi saman eftir að kynferðislegum atlotum þeirra hafi lokið, á að giska í tæpan einn og hálfan til tvo klukkutíma. Þá hafi þau kysst að skilnaði. Sagði ákærði að kæran væri óskiljanleg. Kvaðst ákærði vita hvað væri rétt og að hann hefði aldrei brotið gegn A. Þau hafi hins vegar bæði verið að halda framhjá mökum sínum. Kvaðst ákærði þekkja það af eigin reynslu að framhjáhaldi fylgi samviskubit.
30. Ákærði kvaðst nokkrum dögum síðar, nánar tiltekið á miðvikudeginum þar á eftir, hafa sent A skilaboð á Instagram, sem hún hafi svarað. Í svari A hafi komið fram að hún hafi verið mótfallin því sem gerðist, sem hafi komið ákærða í opna skjöldu, enda ekki verið hans upplifun af því sem gerðist. Næst kvað ákærði það hafa gerst að Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður hafi haft samband, en lögmaður A hafi þá verið búinn að hafa samband við hann fyrir hönd A.
31. Ákærði kvaðst síðar hafa fengið textaskilaboð frá besta vini sínum, vitninu J, sem hafi sagt honum að hann ætti að koma út í bíl þar sem hann væri staddur fyrir utan hjá honum. Er hann hafi komið út í bíl til J hafi vitnin D og K einnig verið þar. Þau hafi sagt honum að fólk í kringum A, þar á meðal bróðir hennar og H kærasti hennar, væri að ganga um bæinn og kalla hann nauðgara. Kvaðst ákærða hafa krossbrugðið við það og tekið því illa, enda litið á þetta fólk sem vini sína. Þá kvaðst hann hafa greint sambýliskonu sinni frá málinu þá um kvöldið og flogið til [...] daginn eftir.
32. Vitnið A, ætlaður brotapolí í málinu, kvaðst umrætt kvöld hafa verið í útskriftarveislu hjá kærasta vinkonu sinnar, E, vitninu F, og tvíburabróður hans. K, vinur hennar, hafi komið að henni og rétt henni síma sinn og sagt að vitnið B vildi ræða við hana. Hún hafi í kjölfar þess rætt við B, sem hafi sagt að hann og ákærði væru með flöskuborð á Auto og þeir vildu endilega fá hana þangað.
33. A kveðst hafa haldið á Auto ásamt E og farið beint inn. Inni á Auto hafi þær meðal annars hitt B, ákærða og kærustu hans. Kvaðst hún hafa sest hjá B og byrjað að ræða við hann og systur hans. Ákærði og B hafi mikið verið að gefa þeim drykki og þau haft gaman. B hafi meðal annars látið hana hafa kortið sitt og viljað að hún notaði það til að kaupa drykki. Ákærði hafi jafnframt keypt drykki fyrir þær E. Kvaðst A hafa þekkt B og ákærða frá barnæsku, en þeir væru vinir bróður hennar. Þá hefðu verið tengsl á milli fjölskyldna þeirra B.
34. Kvaðst A hafa rætt við L, [...], á Auto, en hún hafi hins vegar yfirgefið staðinn á undan ákærða. Greindi A einnig frá því að ákærði og B hefðu látið eins og þeir væru „kóngarnir“ á Auto þessa nótt. Ákærði hafi ekki viljað fá kærasta vitnisins E inn á Auto og sagt það við hana. Allt hafi annars gengið vel og um ótrúlega skemmtilegt kvöld hafi verið að ræða. Eftir á og við meiri umhugsun hafi henni þó fundist andrúmsloftið hafa verið smáskrítið. Aðspurð sagði hún að

ákærði, sem væri þekktur fyrir að vera svolítið óviðeigandi, hafi ekki sýnt henni óviðeigandi hegðun á Auto.

35. A kvað alla hafa farið út er Auto hafi lokað og ljósinn kveikt kl. 04:30. Ákærði hafi verið með stæla fyrir utan Auto, þar sem þau hafi staðið um nokkurn tíma eftir að staðnum hafði verið lokað, eða í um hálfan til einn klukkutíma. Ákærði og vitnin B og D hafi þrýst á um eftirpartý heima hjá A, en henni hafi ekki litist vel á þá hugmynd þar sem hún hafi verið nýkomin heim frá [...] og fót úti um allt. Þá hafi kærasti hennar verið í útlöndum með hátalara heimilisins. Hún hafi hins vegar að lokum látið undan þrýstingi og lofað því að fólk gæti beðið hjá henni eftir bíl, en sagt að hún ætlaði fljótlega að fara að háttá.
36. Hópur fólks hafi því næst fylgt henni í íbúð hennar. Hún mundi ekki hvort allir hefðu komið á sama tíma, en hana minnti að ákærði og D hefðu komið á sama tíma og hún. Kvað A að um hefði verið að ræða, auk hennar og ákærða, vitnin B, D, E, F og C, sem A kvaðst ekki hafa þekkt neitt.
37. A bar fyrir dómi að B hefði farið inn í svefnherbergi hennar til að hlaða síma sinn, eftir að í íbúðina var komið. Kvaðst A hafa farið inn í herbergið til að athuga með hann og verið þar í einhvern tíma. Henni hafi ekki liðið vel með það að B hafi verið inni í svefnherberginu. Hann hafi togað í hana og beðið hana um að setjast hjá sér, sem hún hafi gert. Hún hafi fyrst sest á rúmstokkinn en B beðið hana um að koma nær. Hann hafi einnig sagt óviðeigandi hluti við hana, en hún kvaðst ekki muna ummæli hans orð fyrir orð. Hann hafi meðal annars rætt um að hafa fundið titrara undir sænginni og að hann langaði að sjá hana með hann. Kvaðst hún hafa reynt að eyða þeirri umræðu, enda hafi henni þótt þetta ógeðslegt þar sem hún þekkti systur hans og hefði þekkt hann lengi. A greindi einnig frá því að ákærði og vitnið D hefðu á einhverjum tíma komið inn í herbergið og tekið þátt í spjalli. Hún hefði hins vegar ekki orðið þess vör að ákærði hefði tekið mynd af þeim B. Þá mundi hún ekki til þess að B hefði nefnt það að ákærði, hún og hann færu í „threesome“.
38. A kvaðst hafa farið fram og meðal annars fylgt vinkonu sinni, E, á klósettið þar sem hún hafi þurft að æla, en E hafi verið mjög ölvuð þessa nótt. Ákærði hafi þá verið á klósettinu. A kvaðst hafa farið með E upp í rúm og hún farið að sofa. B, D og C hafi yfirgefið íbúðina skömmu síðar, á sama tíma, ef C hafi ekki verið farinn áður. Ákærði hafi fengið að bíða í fimm mínútur eftir leigubifreið. F hafi farið að sofa á svipuðum tíma en hún farið að háttá sig.
39. A kvaðst hafa farið fram í stofu eftir að hún hafi háttáð sig, með sæng vafða utan um sig þannig að ekki hafi sést að hún hafi verið á nærbuxunum. Kvað A ákærða hafa verið einan eftir. Hún kvað ákærða hafa verið sitjandi á sófanum á endanum nær útgangi íbúðarinnar. Kvaðst A hafa sest á þann enda sófans sem ákærði sat ekki á. Eftir að framburður hennar fyrir lögreglu hafði verið rifjaður upp kvað hún það vera mögulegt að hún hefði sest fyrst og farið í símann en ákærði síðan sest í sófann.

40. A bar að ákærði hefði þegar þarna var komið sögu byrjað að tala um að hún hefði lítið sjálfstraust og að vinahópur bróður hennar hefði rætt um hana á kynferðislegan hátt að honum fjarstöddum. Kvaðst hún hafa beðið hann um að hætta að tala svona óviðeigandi við sig. Þá hafi ákærði spurt hana hvers vegna hún kæmi ekki í heimsókn til hans í [...]. Makar þeirra eða aðrir þyrftu ekki að vita af því og þetta þyrfti ekki að vera „þannig“ ferð, þ.e. kynferðisleg.
41. Ákærði hafi byrjað að strjúka á henni fótinn þar sem hún hafi setið með sængina vafða utan um sig, en hún gefið skýrt til kynna að hún vildi það ekki. Þá kvaðst hún hafa vikið sér undan tilraunum ákærða til að kyssa hana. Áður en hún hafi vitað hafi ákærði verið búinn að setja fingur inn í leggöng hennar og verið harðhentur. Hún vissi ekki hve marga fingur hann hefði notað til þess. Hún hafi reynt að halda höndum sínum fyrir kynfæri sín. Sagði A að ákærði hefði fyrst tekið nærbuxur hennar til hliðar, svo niður, en hún hefði ekki farið úr þeim. A kvaðst hafa frosið og tárast og síðar farið að gráta, meðal annars þar sem hún hefði þekkt ákærða lengi. Ákærði hefði spurt hana hvers vegna hún væri að gráta og hvort hún vissi hvernig það léti honum líða. Eftir það hefði ákærði farið niður á hana og sleikt á henni kynfærin.
42. A kvaðst ekki hafa þorað að standa upp. Hún kvaðst þó oft hafa beðið ákærða um að hætta og hann hafi bæði séð og heyrt að hún vildi þetta ekki. Kvaðst hún hafa sagt að sér þætti þetta vont og vildi ekki að hann gerði þetta. A kvaðst hafa horft niður í „eina sekúndu“ er ákærði hafi verið að veita henni munnmök og oft endurlifað þá sýn síðar. Ákærði hafi hvorki hugsað um hana né virt tilfinningar hennar. A kvað ákærða hafa aftur farið upp og reynt að kyssa hana, en hún litið undan. Þá hafi hann spurt hvers vegna hún væri að leyfa honum að fara niður á sig en ekki að kyssa sig. Kvaðst A hafa litið til hliðar á meðan á þessu stóð og reynt að halda höndum sínum fyrir kynfæri sín. Hún hafi spurt ákærða hvort bíllinn hans væri ekki að koma og náð að fá hann til að kíkja á símann sinn og hann þá hætt.
43. A kvað þau ákærða hafa spjallað í stutta stund eftir þetta, en hún mundi ekki um hvað. Eina sem hún hafi hugsað hafi verið að fá hann út úr íbúðinni og að hringja í H, kærasta sinn, og móður sína. Ákærði hafi nefnt það áður en hann hafi farið að enginn þyrfti að fréttu af þessu. Hún hafi ekki svarað því þar sem hún hafi vitað að hún þyrfti að segja einhverjum frá þessu. Ákærði hafi þá farið að ræða um mynd sem hann hafi tekið er hún hafi setið hjá B. Myndin kæmi ekki vel út fyrir hana ef kærasti hennar sæi myndina. Sagði hún að sér hefði liðið eins og hann hefði eitthvað á hana. Er ákærði hafi verið að fara hafi hann gripið utan um höfuð hennar og kysst hana.
44. A kvaðst hafa brotnað niður eftir að hurðinni hafði verið lokað, byrjað að skjálfa og farið að hágráta. Henni hafi liðið mjög illa og ekki vitað hvað hún ætti að gera við sig. Vinkona hennar í [...] hafi verið „aktív“ á Messenger. Henni hafi fundist sem hún þyrfti að segja einhverjum

frá þessu, en hún væri mjög góð vinkona hennar. Eftir að hafa rætt við hana kvaðst A hafa sofnað í rúminu hjá E og F, en sofið illa. Er hún hafi vaknað hafi hún sagt þeim frá því sem gerst hafði. A kvaðst sama dag hafa sagt kærasta sínum, vitninu H, frá atburðum næturinnar, sem og foreldrum sínum, sem hafi verið erfitt. Þá hafi henni fundist erfitt að segja bróður sínum frá atvikinu vegna vináttu hans við ákærða.

45. A neitaði því fyrir dómi að hafa lyft bolnum eða farið úr nærbuxum sínum er þau ákærði hefðu setið í sófanum. Þá kvað hún ákærða aldrei hafa spurt sig hvort hún vildi þetta. Hún hafi engan áhuga haft á honum og ekkert viljað með hann hafa. Það hafi hún gert honum ljóst, bæði með orðum og athöfnum. Þá hafi hún engan áhuga haft á því að halda framhjá kærasta sínum. Henni hafi liðið hræðilega. Aðspurð um ölvunarástand þeirra ákærða kvað hún að þau hefðu verið í lagi, þau hefðu verið ölvuð en hvorugt ofurölvi.
46. Aðspurð kvaðst A hafa komið fram klædd í náttbol, þ.e. í grængráum bol með hlýrum, og í nærbuxum, sem ekki hafi sést í þar sem hún hafi vafið sæng utan um sig. Um hafi verið að ræða sama bol og sjá mætti á ljósmynd sem ákærði tók af þeim B í svefnherbergi íbúðarinnar og frammi liggur í málinu, sem og á myndum sem teknar voru á hennar eigin síma eftir umræddan atburð. Hún kvaðst hins vegar hafa verið í hvítum bol á Auto fyrr um kvöldið með rós á eða við hálsmálið. Kvaðst A fyrir dómi vera nokkuð viss um að hún hefði verið í sama bolnum allt kvöldið, þ.e. eftir að í íbúðina var komið, og aðeins skipt einu sinni, úr hvíta bolnum yfir í grængráa náttbolinn. Hún mundi hins vegar ekki hvenær hún hefði skipt um bol.
47. A kvaðst hafa farið á mánudeginum, degi eftir umrætt atvik, á neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi, en verið beðin um að bíða í tjaldi á biðstofunni. Kvaðst hún hafa viljað fá þar skoðun og nefnt að ákærði hefði verið harðhentur við sig, en verið sagt að koma daginn eftir. Það breytti engu þar sem ákærði hefði ekki fengið sádlát inni í henni. Neyðarmóttakan hafi hringt næsta dag, þriðjudaginn 27. júní 2023, og sagt að næsti lausi tími væri degi síðar, miðvikudaginn 28. júní. Kvaðst A hafa spurt hvort hún gæti ómögulega komist að þann dag, en hún væri stödd í vinnu sinni [...] og gæti komið hvenær sem væri. Hún hefði fengið þau svör að það væri ekki hægt og að enginn tími væri laus fyrr en daginn eftir. Kvaðst A því hafa farið á neyðarmóttökuna daginn eftir, miðvikudaginn 28. júní. Kvaðst hún hafa sagt konu sem hefði tekið á móti henni frá þeim hlutum sem gerst höfðu.
48. A greindi einnig frá því fyrir dómi að ákærði hefði sent henni skilaboð á Instagram um þetta leyti, á þriðjudeginum eða miðvikudeginum, sem hún hefði séð er hún hefði verið í vinnunni. Henni hefði brugðið mjög, en skipst á skilaboðum við hann. Hefði hún lýst sinni hlið, en ákærði ekki viljað viðurkenna hvað hann hefði gert. Kvaðst A einnig hafa neitað að hitta ákærða. Þetta hafi verið í síðasta skipti sem hún hafi talað við ákærða.

49. A kvaðst hins vegar hafa hitt B eftir umrætt kvöld og þau farið í göngutúr í vesturbæ Reykjavíkur. Kvað hún B ekki hafa munað allt en verið miður sín og tárast. Hann hafi beðist fyrirgefningar á hegðun sinni gagnvart henni. Hún hefði hins vegar ekki heyrt í B lengi. Þá kvaðst A hafa hitt vitnið D á föstudeginum eftir umræddan atburð og rætt við hana um það sem gerst hafði.
50. A greindi enn fremur frá því að hún hefði fengið kvíðakast á mánudagssnóttina eftir umrætt atvik og aftur í vinnu sinni nokkru síðar, þar sem vinnufélagar hennar hefðu verið að ræða um hegðun [stráka]. Ein þeirra hefði nefnt nafn ákærða og henni þá liðið mjög illa. Hún hefði þá frosið og byrjað að svitna. Hún hefði farið inn á klósett og jafnað sig. A kvaðst auk þess ekki hafa treyst sér til að fara aftur í íbúð sína og aðeins einu sinni komið þar eftir umrætt atvik. Þá kvaðst hún fyrst hafa leitað til vitnisins M, ráðgjafa hjá [...], á mánudeginum og áfram eftir það. Eins sagðist A hafa leitað síðar til Stígamóta, sem hefðu stutt hana eftir þetta.
51. A kvaðst ekki hafa lagt fram kæru strax þar sem um stóra ákvörðun hafi verið að ræða. Um væri að ræða mann sem hún hefði þekkt lengi og um langt og strangt ferli að ræða, auk þess sem hún hafi ekki viljað að þetta truflaði nám hennar ytra. Hún hafi hins vegar talið sig þurfa að kæra fyrir sjálfa sig og aðrar stelpur.
52. Aðspurð um það hvers vegna hún hefði ekki nefnt það í kæruskýrslu sinni hjá lögreglu að vitnið C hefði verið í íbúðinni þessa nótt svaraði A því til að henni hefði fundist hann vera lítil partur af sögunni. Það sé rangt að vitnið C hafi verið frammi í stofu er hún hafi komið fram. Um tilbúning væri að ræða. Hann hafi verið í íbúðinni í „rosalegan stuttan“ tíma og alveg farið framhjá henni. Hún hafi hvorki vitað hver hann var né hvert væri nafn hans, en hugsað um fólkið sem hún hafi verið með. A kvaðst aðeins hafa séð C einu sinni inni í íbúðinni, á ganginum. Þau hefðu átt stutt samskipti og hún spurt hann hvað hann hét. Hann hafi svarað og sagst heita [...]. Önnur samskipti hafi þau ekki átt þetta kvöld. Sagði A jafnframt að hún hefði ekki viljað hafa ókunnuga inni í íbúðinni og að hún hefði aldrei háttað sig ef ókunnugir hefðu verið í íbúðinni.
53. Vitnið B, vinur ákærða og bróður A, bar fyrir dómi að hann hefði í umrætt sinn verið að skemmta sér ásamt fleira fólki á skemmtistaðnum Auto, þar á meðal ákærða og A. Kvaðst vitnið hafa greitt fyrir flöskuborð á staðnum og fólk komið þar að. Við eða eftir lokun staðarins hafi hópur fólks haldið í eftirpartý hjá A, nánar tiltekið ákærði, A, vinkona hennar E og kærasti E, F, D og C, ásamt vitninu. Um sameiginlega ákvörðun hafi verið að ræða.
54. B kvaðst ekki hafa dvalið lengi í íbúðinni, kannski í 15 mínútur, í mesta lagi. Hann hafi farið inn í svefnherbergi íbúðarinnar til að hlaða síma sinn og lagst þar á rúm. Kvaðst vitnið muna til þess að A hefði komið inn í herbergið á meðan hann var þar, en mundi ekki til þess að hafa viðhaft óviðeigandi tal við hana eða að hafa gripið í hana og dregið upp í rúm til sín. Kannaðist hann ekki

við það. Hann minnti hins vegar að A hefði sest á rúmið. Hann kvaðst ekki muna til þess að ákærði hefði komið inn í herbergið.

55. B greindi einnig frá því að hann hefði yfirgefið samkvæmið fyrstur af þeim sem þar voru. Aðrir hefðu verið eftir í íbúðinni, en hann myndi ekki hvort vitnið D hefði farið á svipuðum tíma og hann. Kvaðst B hafa verið mjög drukkinn þetta kvöld og muna sumt en annað síður. Vitnið minnti að ástandið á ákærða og vitninu A hefði verið fínt, jafnvel þótt ákærði hefði verið búinn að drekka mikið.
56. B sagði að um skemmtilegt kvöld hefði verið að ræða, en sér hefði brugðið við að heyra frá besta vini sínum sem hefði sagt að systir hans hefði verið misnotuð af öðrum vini þeirra. Kvaðst vitnið hafa hitt A daginn eftir, þau gengið um vesturbæ Reykjavíkur og rætt málið sín á milli. A hafi í því samtali lýst atvikum frá sinni hlið og meðal annars sagt að B hefði verið óþægilegur við hana. A hefði liðið illa og hann beðið hana afsökunar. B sagðist þó ekki muna til þess að hann hefði hagað sér með óviðeigandi hætti gagnvart A þessa nótt eða að hann hefði viðhaft óviðeigandi ummæli við hana.
57. B greindi einnig frá því að allir hefðu verið að „flörta“ smá þetta kvöld, við alla, en vitnið hefði ekki upplifað að um óvelkomin samskipti hafi verið að ræða. Kannaðist B við sjálfan sig og A á ljósmynd sem frammi liggur í málinu. Þá kannaðist vitnið við að hafa skipst á skilaboðum við ákærða eftir umrætt kvöld. Ákærði hafi sömuleiðis verið ósáttur við vitnið fyrir að hafa ekki gefið honum tækifæri á að lýsa atvikum frá sinni hlið.
58. Vitnið C, æskuvinur ákærða, kvað tilviljun hafa ráðið því að hann hitti ákærða á Auto í umrætt sinn. Hann hafi verið kvöldið áður í útskriftarveislum hjá vinum sínum, en verið kominn á Auto um kl. 02:00. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða á flöskuborði og heilsað upp á hann. Leiðir hafi hins vegar skilið um stund og hann verið með vinum sínum. Hann hafi aftur á móti verið með ákærða þegar líða tók á nóttina.
59. Þegar staðurinn hafi lokað um kl. 04:30 um morguninn hafi fólk staðið utandyra á Lækjartorgi í um 50 mínútur. Ákærði hafi svo látið hann vita af eftirpartýi hjá vitninu A og þeir haldið þangað, ásamt vitninu D. Vitnin B, E og F hafi verið komin á staðinn á undan þeim, ásamt A.
60. Lýsti C því að E hefði verið meðvitundarlaus í sófanum en síðan staðið upp til að æla. C kvaðst hafa farið tvívegis á salernið með korters til 20 mínútna millibili og í bæði skiptin séð B liggja á rúmi í svefnherbergi íbúðarinnar og A sitja ofan á honum, með hnén báðum megin við hann. Sagði C B og A hafa haldið sig í svefnherberginu allan tímann sem hann hafi verið í íbúðinni, í um hálf klukkustund. Þau hafi ekki komið fram fyrir en B hafi farið. Þá hafi E og F farið inn í svefnherbergið en A komið fram.

61. Kvað C B hafa yfirgefið íbúðina með D rétt fyrir kl. 06:00. Kvaðst C þá hafa verið að koma af klósettinu. Hann hafi tekið í hönd B og kvatt hann og að því loknu sest í stól. Ákærði, sem hafi verið inni í herberginu, hafi svo komið og sest í sófann á móti honum. A, sem vitnið kvaðst ekki hafa þekkt fyrir, hafi stuttu síðar komið fram í stofuna og sest upp við ákærða.
62. Lýsti C því þannig að A hefði þá verið klædd í gráan hlýrabol og nærbuxur og með sæng. Sængin hafi ekki verið vafin utan um A en hún hafi haft hana yfir sér að hluta í sófanum. Sagði C þau þrjú hafa spjallað saman í um það bil tíu mínútur, kannski í korter. Þau hafi meðal annars rætt að hann hétu [...] og væri í náttúrufræði. Hann hafi síðar leiðrétt það og sagt nafn sitt og að hann væri nemi í [...]. Þá hafi A sagt að hún ætti einnig kærasta sem hétu H, sem einnig væri í [...].
63. Sagðist C hafa áttað sig á því að nærveru hans væri ekki lengur óskað. Klukkan hafi að auki verið orðin margt, hann hafi viljað fara og að honum hafi sýnst allt stefna í „framhjáskot“. Sagðist hann með því eiga við framhjáhald. C kvaðst þó ekki hafa orðið vitni að kynferðislegri háttsemi á milli ákærða og A á meðan hann var í íbúðinni. Kvaðst C hafa yfirgefið íbúðina og verið kominn heim til sín kl. 06:04 þennan morgun. Kvaðst hann hafa skoðað bankagögn sín fyrir aðalmeðferð málsins og séð að hann hefði greitt fyrir leigubifreið á þeim tíma.
64. Vitnið D, vinkona ákærða og A, kvað þau ákærða hafa verið vini frá því í 7. bekk. Hún kvaðst einnig hafa þekkt A frá barnæsku. Kvaðst hún hafa verið að skemmta sér á Auto umrædda nótt ásamt fleira fólki, en B hafi verið þar með flöskuborð. Aðspurð kvaðst D ekki muna til þess að um daður hefði verið að ræða á Auto þessa nótt. Þá mundi hún ekki eftir að hafa séð samskipti á milli A og B eða ákærða á Auto, en hún kvaðst hafa verið frekar ölvuð þessa nótt. Hún kvaðst því ekki muna vel eftir kvöldinu.
65. Vitnið kvaðst hafa farið heim til A í eftirpartý eftir lokun Auto, ásamt ákærða og vitninu C, eftir að ákærði hafði heyrt í B. Vitnin B, E og F hafi þá verið þar fyrir, auk A sjálf. B hafi verið inni í svefnherbergi og F hafi setið í sófa í stofunni. Kvaðst vitnið hafa sest hjá F og spjallað við hann. Kvaðst hún ekki hafa dvalið lengi hjá A og yfirgefið íbúðina ásamt B. Ákærði, C, A, E og F hafi þá verið eftir. Áður hafi hún spurt A hvort það væri í lagi að hún færi þar sem hún hafi verið með gesti hjá sér. Hafi A játað því.
66. D kvaðst meðal annars hafa farið inn í svefnherbergi á meðan á dvöl hennar í íbúðinni stóð og spjallað þar við B og A. Hún og B hafi legið í rúminu en A staðið. Sagðist hún ekki hafa orðið vör við að einhver væri að þvinga annan inni í svefnherberginu. Einnig kom fram að henni hafi fundist sem þau A, annars vegar, og B og ákærði, hins vegar, sýndu hvert öðru gagnkvæman áhuga í eftirpartýinu, en kannaðist ekki við að hafa heyrt óviðurkvæmileg ummæli þeirra á milli.
67. D kvaðst hafa rætt við A á föstudeginum eftir umrætt atvik. A hefði lýst sinni upplifun af því sem gerðist, þar á meðal að ákærði hefði farið niður á hana. Hún hefði sagt við ákærða að hún vildi

„þetta“ ekki og að hún elskaði kærasta sinn. Hún hefði jafnframt beðið ákærða um að hætta og hann hafi hætt. Ekki hafi komið fram hjá A að hún hafi ekki viljað það sem hafi gerst, áður en hún hafi stöðvað ákærða. A hafi sagt að hún mætti ekki segja neinum frá þessu. D staðfesti einnig að hún hefði, ásamt J, verið viðstödd er vitnið K greindi ákærða frá þeim ásökunum sem á hann höfðu verið bornar. Kvað hún ákærða hafa brugðið við að heyra þær.

68. Vitnið E, vinkona A og samnemandi hennar í [...], kvað þær hafa verið vinkonur frá sex ára aldri. Greindi vitnið frá því fyrir dómi að hún hefði verið í útskriftarveislu hjá kærasta sínum, vitninu F, þetta kvöld. Hún hefði farið ásamt A á Auto. A hefði verið í sambandi við vitnið B, sem hefði haft flöskuborð á staðnum. Kvaðst vitnið þekkja systur hans. B hefði rætt við þær A og meðal annars afhent A kortið sitt, svo þær gætu keypt drykki.
69. E sagðist hafa séð A ræða við L, [...], á Auto. Hún kvaðst hins vegar ekki muna til þess að hafa séð vitnið N. E mundi ekki til þess að hafa orðið vitni að óviðeigandi hegðun og sagði að allir hefðu haft gaman. Ákærði hefði þó spurt hvort hún væri enn með kærasta sínum, en hún gæti miklu betur en það. Eins kannaðist hún ekki við að hafa séð A sýna ákærða sérstakan áhuga, en þær hefðu spjallað við ákærða og hitt hann á barnum, þar sem ákærði hefði haldið „smá“ utan um A.
70. E sagði að þær A hefðu ásamt fleira fólki dansað á Auto og haft gaman, allt þar til ljósin kviknuðu, kl. 04:30. Vitnið kvaðst hafa farið á veitingastaðinn Mandi, ásamt kærasta sínum. A hafi hringt í hana og þá verið með ákærða og B, sem hafi þrýst á um eftirpartý. Þau hafi svo komið á Mandi og þau öll farið til A, kl. rúmlega 05:00 eða þar um bil. Um hafi verið að ræða vitnin D, C, F, B, ákærða, A og hana sjálfa.
71. E kvaðst hafa kastað upp í íbúð A. Ákærði hafi þá verið inni á baðherberginu, auk vitnisins og A. Vitnið kvaðst hafa sest í sófa í stofunni og setið þar með kærasta sínum, F, og vitninu D. Vitnið C hafi setið í stól á móti þeim. Áður kvaðst hún hafa séð B og A inni í svefnherbergi, þar sem A hafi setið hjá B, sem þá hafi ekki verið liggjandi. Ákærði hafi staðið yfir þeim. Kvaðst E hafa sofnað, fært sig inn í rúm og verið sofnuð þegar fólk yfirgaf eftirpartýið. Hún hafi því ekki vitað hvenær aðrir hafi farið. Sagðist hún jafnframt hafa sofnað á undan kærasta sínum.
72. E kvaðst hafa vaknað um morguninn og farið á salernið. A hafi þá setið hágrátandi í hnipri á gólfinu upp við vegginn, í nærbuxum og bol og verið að tala við einhvern. A hafi jafnframt lýst því fyrir henni er hún vaknaði síðar um morguninn að ákærði hefði brotið á henni og að henni liði hræðilega með það. Ákærði hefði meðal annars sett fingur í leggöng hennar og farið niður á hana. Hún hefði grátandi beðið hann um að hætta, en hann ekki hætt.

73. Kvaðst vitnið aldrei hafa séð A gráta meira en umræddan morgun. E sagði að umræddur atburður hefði haft mikil áhrif á A. Hún fari núna að gráta með litlum fyrirvara en vanlíðan hennar komi í bylgjum.
74. Vitnið F, kærasti vitnisins E, greindi frá því fyrir dómi að hann hefði verið að útskrifast daginn áður og fjölskylda hans haldið útskriftarveislu fyrir hann og bróður hans. Hann hefði svo farið úr veislunni og á skemmtistaðinn Auto, þar sem margir hefðu verið. Kvaðst hann aðallega hafa verið þar með vinum sínum og E á dansgólfinu. Annar hópur hefði verið þar á flöskuborði. Við lokun staðarins hefði fólk farið út og fullt af fólki farið á Mandi.
75. Vitnið kvaðst hafa viljað fara heim, en E sagt að það væri eftirpartý hjá A. Þau hefðu því farið þangað, en hann hefði varla nennt því. B hafi fylgt þeim í eftirpartýið og þau gengið saman, vitnið, E, A og B, en hann minnti að fleiri hefðu verið með. Mundi vitnið til þess að hafa rætt við B á leiðinni. Kvað vitnið að þau hefðu yfirgefið Mandi um kl. 05:00 og verið komin í eftirpartýið stuttu síðar.
76. F kvað eftirpartýið hjá A hafa staðið í 40 til 60 mínútur, kannski í 40 mínútur. B og A hefðu verið saman inni í svefnherbergi íbúðarinnar og ákærði verið með þeim. Kvaðst vitnið ekki mikið hafa velt þeim fyrir sér. Vitnið sjálft hefði hins vegar verið frammi í stofu ásamt D og C og fyrst og fremst rætt við þau. E hefði farið að sofa er eftirpartýinu hefði verið við það að ljúka, en hún hefði ákveðið að sofa í svefnherberginu. Kvaðst vitnið hafa farið að sofa fimm til tíu mínútum á eftir E.
77. F kvaðst hafa haldið að allir væru að fara er hann fór að sofa. Hann hafi lokað svefnherbergis-hurðinni og þá fólk verið á ganginum þar fyrir framan. Áður en vitnið hafi sofnað hafi hann þó heyrt raddir fólks, sem hafi verið að spjalla frammi. Kvaðst hann hafa ályktað að um væri að ræða raddir ákærða og A, en ekki vitað hvort fleiri hefðu orðið eftir.
78. F greindi einnig frá því að A hefði brotnað niður er þau hefðu verið vöknud um morguninn og farið að hágráta. Hún hefði sagt að eitthvað hefði gerst. Kvaðst vitnið þá hafa farið fram og leyft þeim A og E að vera einum inni í svefnherberginu. A hefði þá verið klædd í bol og nærbuxur. Hann mundi hins vegar ekki til að A hefði skipt um föt fyrr um nóttina.
79. Vitnið G, vinkona A og samnemandi hennar í [...], kvað A hafa hringt í sig á Facetime (myndsímtal) á Facebook að morgni sunnudagsins 25. júní 2023. Vitnið hefði getað séð að A sat hágrátandi á gólfinu heima hjá sér, klædd í nærföt. Hún hefði verið grátbólgin og augljóslega búin að gráta. Kvaðst vitnið aldrei hafa séð A í sambærilegu ástandi, en hún hefði varla getað talað. Það hefði því tekið hana nokkurn tíma að útskýra hvað gerst hefði. A hefði lýst því að ákærði og vitnin B, vinkona þeirra [væntanlega D], E, og kærasti hennar, F, hefðu auk A verið í eftirpartýi hjá A.

80. G sagði A hafa sagt að B hefði verið að reyna við sig. Hann hefði togað í A og hún dottið. Þau hefðu staðið upp og farið fram. B og vinkona [væntanlega D] hefðu síðan farið og ákærði og A verið ein eftir. Ákærði hefði reynt að kyssa hana eftir að aðrir voru farnir og sífellt orðið ágengari og grófari. A hefði ítrekað beðið hann um að hætta, sem hann hefði ekki gert. Hún hefði ekkert ráðið við hann. Ákærði hefði verið harðhentur og sett fingur inn í leggöng A. Ákærði hefði jafnframt spurt hana hvers vegna hún væri að gráta, hann vissi að hún vildi „þetta“. Ákærði hefði að lokum farið í burtu en A ekki náð að sofna.
81. Kvaðst G hafa hvatt A í samtali þeirra til að ræða við E og F, sem og við kærasta sinn og foreldra, svo og að fara á sjúkrahús. Þá kannaðist hún við að hafa borið það upp við A að um nauðgun hefði verið að ræða og að sú háttsemi sem hún hefði lýst bæri öll einkenni nauðgunar. Sérstaklega aðspurð sagði G að A hefði ekki minnst á það þennan morgun að ákærði hefði nefnt ljósmynd við hana, sem sýndi A og B, en hún hefði sagt henni frá þeirri mynd síðar. Eins hefði hún ekki nefnt að vitnið C hefði verið í íbúðinni þessa nótt. Vitnið sagði enn fremur að A hefði liðið illa með það sem gerst hafði og það tekið mikið á hana. Hún væri búin að vera ólík sjálfri sér og fyrst núna að verða lík því sem hún hefði áður verið.
82. Vitnið O, móðir vitnisins A, kvaðst fyrst hafa heyrt af málinu um hádegisbil sunnudaginn 25. júní 2023. Hún hefði séð að A hefði ekki verið eins og hún ætti að sér að vera er hún hefði komið á heimili foreldra sinna. Vitnið hefði þurft að fara annað, en nokkru síðar fengið óvenjuleg skilaboð frá A, sem hefði sagt að hún yrði að koma heim því alvarlegir atburðir hefðu gerst um nóttina. Kvað O að A hefði setið grátandi og skjálfandi í hnipri og greint frá því að ákærði hefði brotið á sér kynferðislega. Kvaðst O aldrei hafa séð A í viðlíka ástandi.
83. O greindi frá því að A hefði umræddan dag lýst atvikum fyrir sér í grófum dráttum, þar á meðal að ákærði hefði haldið áfram þótt hún hefði beðið hann um að hætta og meðal annars sett fingur inn í leggöng hennar. Vitnið kvaðst hafa skynjað að eitthvað alvarlegt hafði gerst. O kvaðst hafa hlúð að A, sem hefði aldrei snúið til baka í þá íbúð þar sem atburðurinn hefði orðið, heldur búið hjá foreldrum sínum það sem eftir lifði sumarsins.
84. O greindi einnig frá því fyrir dómi að nóttina eftir hefði hún vaknað upp við óp í A, sem sé mjög sterkur einstaklingur. Hún hefði kallað, grátið og verið kaldsveitt. Nokkurn tíma hefði tekið fyrir hana að ná sér niður. O kvað A hafa eftir atburðinn verið mjög ólíka því sem hún væri von að vera, líkt og við hliðina á sjálfri sér. Hún eigi sína góðu og slæmu daga, sjálfsmynd hennar sé skert og hún sé kvíðnari en áður. Þá hafi hún strítt við einbeitingarleysi. Þá kom fram hjá O að ákærði hefði verið fjölskylduvinur frá því að hann var barn og bernskuvinur bróður A, sem hafi treyst ákærða eins og frænda.

85. Vitnið H, kærasti A, kvaðst hafa verið í brúðkaupi í Oxford í Englandi umrædda helgi. A hefði haft samband við hann og hann fundið á sér að eitthvað væri „off“. Hún hefði síðar sent honum skilaboð á Facebook um að hún þyrfti að ræða við hann um alvarlegt atvik og þau átt um klukkustundar langt símtal. Kvaðst vitnið hafa farið afsíðis til að eiga það samtal, en A hefði verið í miklu uppnámi og meðal annars haft áhyggjur af bróður sínum, þar sem ákærði hefði verið góður vinur hans.
86. H sagði að í samtalinu hefði komið fram að A hefði verið beitt þrýstingi um að halda eftirpartý og vitnin B, D, E og F fylgt henni heim, ásamt ákærða. Aðspurður sagði H að A hefði ekki minnst á það við hann þá að C hefði verið í partyinu. Hún hefði greint frá því að ákærði hefði ætlað að bíða eftir leigubíl, „þegar síðustu hefðu verið að fara“. Samræður ákærða og A hefðu orðið æ skrítnari og ágengari. Ákærði hefði lagt að henni að heimsækja sig til [...] og hún spurt: „En hvað með H og L?“. Ákærði hefði einnig nefnt við hana mynd sem hann hefði tekið af þeim B fyrr um nóttina.
87. Vitnið kvaðst hafa komið heim til Íslands á sunnudagskvöldinu. A hefði þá verið að átta sig á því sem gerst hafði. Hún væri mjög sterk og hefði ekki trúað því sem gerðist upp á ákærða. Hún tryði alltaf á það besta í fólki. Ákærði hefði vitað af því að vitnið væri í útlöndum og að bróðir A væri í veiði. Þeir þekktust allir þar sem þeir hefðu verið saman í skóla. Ákærði hefði verið náinn vinur fjölskyldu A og meðal annars verið þar í útskriftarveislum. Þetta hefði því verið áfall fyrir alla fjölskylduna.
88. H greindi einnig frá því að A hefði verið dofin á mánudagsmorgninum og smám saman áttað sig á alvöru málsins. Hún hefði þá farið á neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi, en verið vísað frá. A hefði einnig fengið „kast“ nóttina á eftir, verið óhuggandi og öskrandi. Bakið á henni hefði verið rennandi blautt og kalt. Foreldrar hennar hefðu þá komið inn. Kvaðst vitnið aldrei hafa séð hana í því ástandi áður, en þau hafi á þessum tíma verið búin að vera saman í fimm ár. A hefði aftur fengið þannig kast tveimur mánuðum síðar, í tengslum við fréttaf lutning af málinu.
89. Greindi H frá því að A hefði eftir þetta aðeins komið einu sinni í íbúðina þar sem atburðurinn varð og þá aðeins til að sækja þangað föt. Hún hafi ekki treyst sér til að gista þar aftur. Eftir atburðinn væri hún meira á varðbergi, en hefði lært að lifa með þessu. Sagði H að þau tvö byggju saman þegar A væri ekki í [...].
90. Vitnið M, ráðgjafi hjá [...], kvaðst hafa hitt A á mánudeginum eftir umrætt atvik. A hefði þá verið í miklu uppnámi, en vitnið kvaðst þekkja hana þar sem hún hefði verið hjá honum í markþjálfun. Það hafi sést á henni að hún væri brotin og hún grátið mikið. A hafi borið greinileg einkenni um áfall, svo sem þanið taugakerfi, hún hafi verið á iði og grátið mikið. Kvaðst vitnið hafa verið búinn að hitta A alls 17 sinnum, er hann hafi ritað vottorð sem finna má í málinu, en A hafi haldið áfram

að koma til hans eftir það. Hún komi stundum til hans er hún sé á Íslandi. Vitnið sagði að umræddur atburður hefði haft langtímaáhrif á A og hann sæi mikinn mun á henni sem einstaklingi. Hún væri í eðli sínu sterkur persónuleiki og glaðlynd.

91. Vitnið I, vinkona A og samnemandi hennar í [...], greindi frá því fyrir dómi að hún hefði verið í útskriftarveislu hjá F þetta kvöld. Þær A hefðu ásamt fleirum orðið samferða í bíl niður í bæ, en leiðir þeirra hafi skilið þar og vitnið ekki farið á skemmtistaðinn Auto, ólíkt A. Sagði vitnið að A hefði verið í samskiptum við B, sem hefði verið með flöskuborð á Auto.
92. Í greindi frá því að þær A hefðu svo verið saman að vinna mánudagsmorguninn 26. ágúst 2023 og A þá greint henni frá því sem gerst hafði. Hafi A sagt að þær E hefðu verið að skemmta sér á Auto, ásamt B og ákærða. Ákærði hefði ýtt á A um að halda eftirpartý og þau farið í íbúð hennar, ákærði, B, E, F og D, auk A. E hefði mjög fljótlega farið að sofa og hin tínst út. F hefði einnig farið að sofa. Eftir það hefði ákærði brotið gegn henni en hún verið hálfgrátandi. Er ákærði hefði verið farinn um morguninn hefði hún farið að hágráta.
93. Sagði I að A hefði sagt sér að ákærði hefði sett fingur inn í leggöng hennar, puttað hana og farið niður á hana. A hafi verið með tárin í augunum í vinnunni og í sjokki er hún hafi greint henni frá atvikinu. Aðspurð sagði I að A hefði ekki minnst á það í fyrstu að vitnið C hefði verið í umræddu eftirpartýi, en hún hefði greint henni frá því síðar, eftir að A hefði verið í skýrslutöku hjá lögreglu. Hefði hún sagt að sá aðili hefði verið mjög stutt í partýinu og að hann hefði verið farinn er ákærði hefði brotið á henni. Í kvaðst hins vegar ekki vera viss um það hvort A hefði minnst á það við hana, er þær töluðu saman á mánudeginum eftir umrætt atvik, að ákærði hefði nefnt það að hann ætti mynd af A og B.
94. Sagðist I annars merkja það að umrætt atvik hefði haft mikil áhrif á A. Seinni skýrslan hjá lögreglu hefði einnig tekið á hana. Vitnið greindi einnig frá því að A hefði sýnt sér skilaboð sem hún hefði fengið frá ákærða. A hefði verið reið þar sem ákærði hefði ekki viðurkennt það sem gerst hafði. Hún hefði viljað að hann viðurkenndi það sem hún bæri upp á hann.
95. Vitnið P, [...], greindi frá því fyrir dómi að hún hefði, ásamt A, verið viðstödd umræður starfsmanna um [...]. Einhver hefði nefnt nafn ákærða og A þá brotnað niður og byrjað að skjálfa. Hefði hún þá greint þeim frá því að ákærði hefði brotið gegn henni nokkrum dögum áður. Ástand A hafi verið þannig að vitnið hafi hvorki treyst henni til að halda áfram vinnu né til að fara heim. Hún hafi þurft um klukkustund til að jafna sig.
96. Vitnið Q, hjúkrunarfræðingur á neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi, greindi frá því fyrir dómi að mistök hefðu verið gerð er vitnið A hefði fyrst leitað á neyðarmóttökuna, mánudaginn 26. júní 2023. Rætt hefði verið við A á biðstofu, sem almennt sé ekki gert. Þá hafi engin skoðun farið fram og neyðarmóttakan ekki verið upplýst um

að ákærði hefði sett fingur inn í leggöng A. Vitnið kvaðst hafa haft samband við A á þriðjudeginum en hún hefði þá verið búin að fara í sturtu. Vitnið kvaðst því hafa hitt hana á miðvikudeginum.

97. Q sagði að A hefði verið skýr í sinni frásögn á miðvikudeginum, en ekki liðið vel. Hún hefði titrað, núíð saman höndum, verið óróleg í stólnum og verið með innri skjálfta og vöðvaspennu. Allt hafi verið á fullu inni í henni. Frásögn A hafi verið á þá leið að hún hafi háttað sig eftir að aðrir hafi verið farnir og hún verið ein eftir með vini bróður síns. Hún hafi komið fram á stórum bol, í nærbuxum og með sæng. Hún hafi verið með sektarkennd og afsakað sig fyrir að hafa verið aðeins á nærbuxum.
98. Q sagði jafnframt að fram hefði komið að A hefði fengið kvíðakast á mánudeginum, öskrað og grátið í koddann, þannig að kærastinn hennar hefði orðið hræddur. Q sagði enn fremur að A hefði ekki viljað að hún framkvæmdi líkamsskoðun á henni á miðvikudeginum, en lýsing á meiðslum í skýrslu neyðarmóttökunnar hafi verið byggð á frásögn A. Hægt hefði verið að taka myndir og kalla á lækni, ef áverkar hefðu sést.
99. Vitnið R, ráðgjafi hjá [...], kvaðst fyrst hafa hitt A 7. september 2023, en alls í 16 skipti frá og með þeim degi. Kvað hún viðtalsmeðferð enn standa yfir og færi hún bæði fram í eigin persónu og á fjarfundum. Sagði vitnið að þær hefðu rætt sálrænar afleiðingar umrædds atburðar, en merkja megi depurð hjá A eftir hann. Hún einangri sig frá jafningjum, endurupplifi atburðinn og eigi í erfiðleikum með félagsleg samskipti. Þá sé hún kvíðin, eigi erfitt með svefn og einbeitingu og sjálfsmynd hennar sé léleg. Hún sé óttaslegin og reið, óörugg og tilfinningalega dofin.
100. Vitnið L, [...], greindi frá því fyrir dómi að hún hefði hitt vitnið N á Petersen svítunni í umrætt sinn. Þær hefðu fært sig yfir á skemmtistaðinn Auto um kl. 02:30, eftir að ákærði hafði hringt í hana, en vitnið kvaðst hafa verið edrú og ekki búin að drekka neitt. Henni hefði þótt sem hún væri óvelkomin á Auto. A hefði verið að þvælast í kringum ákærða og verið mjög pirrandi og ágeng við hann. Vitnið kvaðst ekki hafa dvalið lengi á staðnum heldur haldið heim fljótlega og verið komin heim kl. 03:30.
101. Kvaðst L hafa orðið þess vör er ákærði kom heim um morguninn, rétt eftir kl. 08:00. Sagðist hann hafa verið hjá D, vinkonu þeirra. Aðspurð svaraði vitnið því til fyrir dómi að ef hann hefði sagt henni frá því þennan morgun að hann hefði verið hjá A hefði það kallað á frekari útskýringar af hans hálfu. Sagði vitnið að ákærði hefði fyrst sagt sér frá því að hann hefði verið hjá A þennan morgun í samtali sem átt hefði sér stað eitt kvöld í júlí 2023, eftir að hann hefði farið út og rætt við vini sína.
102. Vitnið N greindi frá því að hún hefði hitt L, [...], á Petersen svítunni þetta kvöld. Þær hefðu farið þaðan á skemmtistaðinn Auto og hitt þar ákærða og farið niður á flöskuborð. Þær hefðu þó ekki

staldrað lengi við, í um það bil 30 mínútur. Kærasti vitnisins, J, hefði orðið eftir á staðnum. Kvaðst vitnið hafa séð vitnin B og A á Auto, en þær L hefðu upplifað sig sem óvelkomnar af A og fundist stemningin frekar skrítin. Þeim hefði þótt sem þær væru að trufla aðrar stelpur við flöskuborðið. Kvaðst vitnið hafa séð A hvísla í eyra ákærða á staðnum og að um gagnkvæmt hvísl hefði verið að ræða. Sagði vitnið að E hefði einnig verið á staðnum.

103. Vitnið K, vinur ákærða og bróður A, greindi frá því fyrir dómi að hann hefði verið með A í skóla. Kvaðst hann hafa verið í sömu útskriftarveislu og A um kvöldið en ekki muna hvort hann hefði rætt við hana þar. Kona hans hefði skutlað honum á Auto eftir að hann hafði áður rætt við ákærða og B. Kvaðst hann hafa verið kominn þangað kl. 01:00 eða rúmlega það. Fólk hefði haft mjög gaman og góð stemning verið á milli vina og enginn „stemningsbrjótur“, eins og vitnið orðaði það. Kvaðst vitnið hafa yfirgefið staðinn fyrir lokun.
104. K greindi einnig frá því að bróðir A hefði hringt í sig á mánudeginum eða þriðjudeginum þar á eftir og sagt honum frá því að ákærði hefði nauðgað systur hans. Bróðir A hefði hins vegar beðið vitnið um að segja ákærða ekki frá þessu. Kvaðst vitnið í framhaldi af því hafa átt í samskiptum við vitnið D og þau síðan sameiginlega sagt vitninu J frá ásökuninum um það bil tveimur vikum síðar, áður en ákærði hélt á ný til [...]. Hafi þau þrjú svo sótt ákærða og vitnið þá greint honum frá því sem hann hafði heyrt. Ákærði hafi þá verið í sjokki.
105. Vitnið J, æskuvinur ákærða, kvaðst hafa hitt ákærða á Auto um kl. 02:00 aðfaranótt sunnudagsins 25. júní 2023. Kvaðst vitnið hafa yfirgefið staðinn við lokun hans kl. 04:30, með vitnunum E og F, auk ákærða. Eftir að staðnum hafi verið lokað hafi hópur fólks safnast saman á Lækjartorgi, en vitnið hafi kvatt og haldið heim á leið eftir að hafa spjallað í stutta stund.
106. J kvaðst einhverjum dögum síðar hafa fengið skilaboð frá vitninu D. Þau hafi hist í kjölfar þess ásamt vitninu K. Hafi þau sagt honum frá því að þau hefðu heyrt ásakanir á ákærða og ekki mátt segja frá þeim, en bróðir A hefði hringt í K og sagt honum að ákærði hefði nauðgað systur hans. Kvaðst vitnið hafa sagt að þau yrðu að segja ákærða frá þessu. Þau hafi í framhaldi af því hitt ákærða og þau D og K greint honum frá því sem þau höfðu heyrt. Ákærði hafi verið í sjokki við að heyra þá frásögn. Hann hafi jafnframt neitað þeim ásökunum sem á hann voru bornar. Sérstaklega aðspurður kvaðst vitnið ekki muna til þess að hafa séð eða hitt vitnið C á Auto þessa nótt.

III

Niðurstaða varðandi sekt eða sýknu

Um sönnun og sönnunarbyrði.

107. Samkvæmt 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi, sem og skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákærvaldinu. Í því felst að telji dómari skynsamlegan vafa leika á um að ákærði hafi framið þann verknad sem honum er gefinn að sök í máli, þá leiðir það til sýknu ákærða.
108. Í málinu nýtur ekki við sýnilegra sönnunargagna sem varpað geta ljósi á þau atvik sem ákæra málsins lýtur að. Ráðast lyktir málsins þannig að miklu leyti af mati á trúverðugleika framburðar ákærða annars vegar og ætlaðs brotþola hins vegar, en þar stendur orð gegn orði. Við slíkt mat geta skýrslur vitna, sem ekki hafa skynjað þau atvik sem ákært er fyrir af eigin raun, heldur önnur atvik fyrir eða eftir umræddan atburð, einnig haft þýðingu, að því marki sem unnt er að draga ályktun um sakarefni málsins og trúverðugleika skýrslna ákærða og ætlaðs brotþola af framburði þeirra. Hið sama á við um önnur gögn sem fyrir liggja í málinu, svo sem um samskipti ætlaðs brotþola við ákærða og vitni á samfélagsmiðlum, ljósmyndir o.fl.

Um ætlaðar tímasetningar atvika.

109. Framburðir ákærða og vitna fyrir dómi hafa verið raktir hér að framan. Líkt og rakið hefur verið þá lágu leiðir ákærða og vitnisins A, ætlaðs brotþola í málinu, saman á skemmtistaðnum Auto í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 25. júní 2023, þar sem þau skemmtu sér þessa nótt ásamt fleira fólki. Eins og áður segir þekktust þau fyrir í gegnum bróður A.
110. Af framburðum ákærða og vitna má ráða að Auto hafi lokað um kl. 04:30 þessa nótt og að þau hafi yfirgefið staðinn fljótlega þar á eftir. Einnig má ráða af framburðum að fólk hafi þá safnast saman utandyra og hópur fólks, að nokkurri stund liðinni, mögulega 30 til 40 mínútum, haldið í íbúð A við [...], þar sem ætlað brot er sagt hafa verið framið. Stemmur það meðal annars við framburði vitnanna F og E, sem héldu að þau hefðu farið frá veitingastaðnum Mandi um eða upp úr kl. 05:00 og verið komin í íbúðina skömmu síðar.
111. Vitnið C sagði einnig að fólk hafi verið utandyra í um það bil 50 mínútur þessa nótt, sem gæti stutt það að þau sem með honum komu í eftirpartýið hjá A hafi verið komin þangað á tímabilinu kl. 05:20-kl. 05:25, eða þar um bil. Sagðist C sömuleiðis hafa dvalið í íbúðinni í um hálfu klukkustund, sem stemmir nokkurn veginn við framburð hans um að hann hafi yfirgefið íbúðina um kl. 06:00, en C hefur sem fyrr segir sagt að hann hafi yfirgefið íbúðina um það leyti.

112. Gildir einu fyrir úrslit málsins, að mati dómsins, hvort hópurinn kom allur saman í íbúð A, líkt og sum vitnanna hafa borið, eða í tvennu lagi, líkt og ákærði og vitnin D og C hafa haldið fram. Þá hefur það sömuleiðis ekki þýðingu hvort einhver og þá hver hafi þrýst á A um að halda eftirpartý, en framburðir hafa verið misvísandi um það. Það hefur hins vegar þýðingu við úrlausn málsins hver voru í eftirpartýi í íbúð A og hvað þau geta sagt varðandi það sem þar fór fram.
113. Ákærða og þeim vitnum sem um það geta borið, þar með talinni A, bar öllum saman um það fyrir dómi að í íbúð A þessa nótt hafi verið vitnin B, D, E, F og C, auk ákærða og A. Að virtum framburðum þeirra sem í íbúðinni voru og með hliðsjón af því sem rakið hefur verið hér að framan, óháð því hvort fólk kom í einu lagi eða tvennu, þykir að mati dómsins ekki varhugavert að álykta að þau sem þangað komu hafi verið komin í íbúðina einhvern tímann á milli kl. 05:10 og kl. 05:35.
114. Ákærða og vitnum, að undanskilinni A, ber saman um að vitnin B og D hafi yfirgefið íbúðina fyrst. B sagði til dæmis fyrir dómi að hann hefði kannski verið í íbúðinni í 15 mínútur, í mesta lagi. Ákærði og vitnin B, D og C eru sömuleiðis sammála um að C hafi þá enn verið í íbúðinni, ásamt ákærða, E, F og A. A hefur á móti ein borið um að C hafi yfirgefið íbúðina um leið og B og D, ef ekki fyrr. E og F höfðu gengið til náða þegar þetta var og gátu þar af leiðandi ekki borið um það með vissu hvenær C yfirgaf íbúðina.
115. Vitnið C greindi sem fyrr segir frá því fyrir dómi að hann hefði yfirgefið íbúð A rétt fyrir eða um kl. 06:00 þennan morgun, eftir að hafa rætt stuttlega við ákærða og A í stofu íbúðarinnar. Sagðist C hafa skoðað bankagögn sín fyrir aðalmeðferð málsins, sem staðfestu að hann hefði greitt fyrir leigubifreið kl. 06:04 þennan morgun og þá verið kominn heim. Er þessi framburður C í samræmi við upplýsingar sem hann gaf hjá lögreglu á rannsóknarstigi málsins þar sem hann kvaðst hafa verið kominn heim til sín um kl. 06:00 þennan morgun. Framburður C um þetta atriði er einnig í samræmi við framburð ákærða fyrir lögreglu og fyrir dómi. Þá kemur þessi framburður C heim og saman við framburð F, sem bar fyrir dómi að eftirpartýið hafi staðið í 40 til 60 mínútur.
116. Að virtum framburðum vitnanna B, D og C sjálfs, svo og framburði ákærða, er að mati dómsins ekki ástæða til að vefengja framburð C um það hvenær hann hafi yfirgefið íbúðina. Framburður hans um það atriði, sem að mati dómsins er bæði trúverðugur og skýr, hefur enda ekki verið hrakinn í málinu og vandséð hvers vegna C ætti að bera rangt um það hvenær hann hefði yfirgefið íbúðina, jafnvel þótt þeir ákærði séu æskuvinir. Að því virtu þykir ekki óvarlegt að leggja til grundvallar við úrlausn málsins að C hafi yfirgefið íbúðina laust fyrir eða í síðasta lagi um kl. 06:00 umræddan morgun.
117. Vitnið C bar að hann hefði, áður en hann yfirgaf íbúðina, setið í stutta stund með ákærða og A í stofu íbúðarinnar, eftir að A hefði komið fram á gráum hlýraból og nærbuxum og með sæng.

Hefði hún sest í sófann, þétt upp við ákærða. Kvaðst C meðal annars hafa ályktað að allt stefndi í „framhjáskot“ og kvaðst þar eiga við framhjáhald. Framburður C um að hann hafi enn verið í íbúðinni þegar A kom fram fær eins og áður segir stoð í framburði ákærða og að nokkru leiti í framburðum B og D um að C hafi verið lengur en þau í íbúðinni. A hefur aftur á móti þvertekið fyrir að svo hafi verið og segir að framburður C sé tilbúningur.

118. Fyrir lögreglu sagðist C telja að spjall hans við ákærða og A hefði varað í um fjórar til fimm mínútur, en fyrir dómi að það hafi varað í um það bil tíu mínútur, kannski í korter. Ákærði bar fyrir dómi að C hefði setið í um fimm til tíu mínútur með þeim A og svo farið. Að mati dómsins skiptir þessi ónákvæmni ekki máli við úrlausn málsins, enda er ekki raunhæft að ætlast til að ákærði eða vitni muni tímasetningar upp á mínútu mörgum mánuðum eftir umrædd atvik, allra síst þar sem ákærði og vitnin voru öll undir áhrifum áfengis er umræddir atburðir áttu sér stað, nema eitthvað sérstakt komi til, líkt og bankagögn vitnisins C, sem minnst var á hér að framan og staðfesta, að hans sögn, að hann hafi verið kominn heim kl. 06:04.
119. Ákærði bar um það hjá lögreglu og aftur fyrir dómi að hann hefði yfirgefið íbúðina um kl. 08:00 þennan morgun og tekið Hopp-hlaupahjól heim. A hefur á hinn bóginn borið að hann hafi sagst vera að bíða eftir bíl. Fær framburður ákærða um að hann hafi yfirgefið íbúðina og tekið Hopp-hlaupahjól á greindum tíma stoð í gögnum sem lögregla aflaði við rannsókn málsins, en þau staðfesta að símanúmer ákærða var notað til að kaupa far með Hopp-hlaupahjóli kl. 08:05 þann 25. júní 2023, á horni Austurstrætis og Lækjargötu.
120. Þá bar þáverandi sambyliskona ákærða og barnsmóðir fyrir dómi að hann hefði komið heim laust eftir kl. 08:00 þennan morgun, sem kemur heim og saman við framangreind gögn og framburð ákærða. Þykir því ekki varhugavert að álykta að ákærði hafi yfirgefið íbúðina um kl. 08:00 þennan morgun, líkt og hann hefur sagt.
121. Að öllu framangreindu virtu má ráða að líklegast er að sá atburður sem mál þetta er sprottið af hafi orðið einhvern tímann á milli kl. 06:00 og kl. 08:00 umræddan morgun. Ræðst það annars vegar af því hvenær líklegt sé að vitnið C hafi farið úr íbúðinni og hins vegar af því hvenær ákærði yfirgaf íbúðina. Bendir ekkert til annars í málinu en að ákærði og A hafi á þessum tíma verið ein í stofu íbúðarinnar, eftir að B, D og C höfðu yfirgefið íbúðina og E og F höfðu gengið til náða og sofnað í svefnherbergi íbúðarinnar.
122. Þess ber þó hins vegar að geta, í þessu samhengi, að A bar um það fyrir lögreglu og fyrir dómi að 20 til 25 mínútur hafi liðið frá upphafi hinnar kynferðislegu háttsemi og þar til ákærði yfirgaf íbúðina. Í samskiptum við móður sína 25. júní 2023 sagði hún að þetta hafi gengið á í svona 30 mínútur, sem kemur ekki alveg heim og saman við að þau hafi verið ein í um tvær klukkustundir.

123. Samkvæmt framburðum ákærða og vitnisins C sátu ákærði og A í sófa í stofunni er hann fór, um kl. 06:00. A hefur hins vegar, sem fyrr segir, neitað því að C hafi verið á staðnum er þarna var komið sögu. Ákærði og C eru einnig sammála um það, eins og áður segir, að tiltölulega stuttur tími hafi liðið frá því að A kom fram, eftir að hún hafði háttað sig í svefnherbergi íbúðarinnar, og þar til C hafi yfirgefið íbúðina. Verði framburðir ákærða og vitnisins C lagðir til grundvallar dómi í málinu má því ætla að A hafi komið fram á tímabilinu kl. 05:45 til kl. 05:55. Kemur það einnig heim og saman við áður nefndan framburð vitnisins F um að eftirpartýið hafi staðið í 40 til 60 mínútur.
124. Ákærði og A eru sammála um að tiltölulega stuttur tími hafi liðið frá því að A hafi komið fram og þar til hin kynferðislega háttsemi hófst þeirra á milli. Virðist því, hvað sem öðru líður, mega ætla að hin kynferðislega háttsemi hafi byrjað fljótlega eftir að A kom aftur fram, eftir að hún hafði háttað sig og sótt sæng í svefnherbergi íbúðarinnar, og eftir að C hafði yfirgefið íbúðina, á tímabilinu kl. 06:00 til kl. 06:15, þótt ekkert verði fullyrt um það með nokkurri vissu. Þykir hins vegar ekki varhugavert að slá því föstu, að framangreindu virtu, að hin kynferðislega háttsemi hafi byrjað á fyrri hluta þess tíma sem ákærði og A voru ein í stofu íbúðarinnar, þ.e. nær kl. 06:00 en kl. 08:00.
125. Samkvæmt framburðum vitnisins G og A þá hringdi A í G á Facetime (myndsímtal) eftir að ákærði hafði yfirgefið íbúðina. Greindi G frá því að A hefði þá setið grátbólgin og grátandi upp við vegg á baðherbergi íbúðarinnar. Þá hefði hún verið á nærfötum. Fá framburðir G og A um þessi atriði stoð í gögnum málsins, þar á meðal í ljósmyndum af A, sem sjá má að teknar voru á hennar eigin síma kl. 08:13 og kl. 08:14 þennan morgun.
126. Þá má enn fremur ráða af gögnum málsins að 28 mínútna löngu Facetime-samtali G og A hafi lokið kl. 08:45 þennan morgun. Verður því við það miðað að atvik hafi verið með þessum hætti hvað þessi atriði varðar, en þetta styður enn frekar að ákærði hafi yfirgefið íbúðina um kl. 08:00 eins og hann hefur sjálfur haldið fram.
127. Ákærði og A eru ein til frásagnar um það sem gerðist þeirra á milli þann tíma sem þau voru ein í stofu íbúðarinnar, sem líklegt verður að telja að hafi verið nálægt tveimur klukkustundum, líkt og ákærði hefur haldið fram og rakið er hér að framan, þ.e. á milli kl. 06:00 og kl. 08:00 umræddan morgun. Hins vegar liggja fyrir framburðir vitna og gögn varðandi það hvað hafi gerst á milli kl. 04:30 og kl. 06:00 annars vegar og eftir kl. 08:00 hins vegar.
128. Ákærða og A ber sem fyrr segir saman um að kynferðisleg háttsemi hafi átt sér stað, sem og að ákærði hafi meðal annars sett fingur í leggöng A og sleikt á henni kynfærin. Þeim ber hins vegar ekki saman um það hvernig það kom til, hvort A hafi verið því samþykkt, hvort þau hafi kysst í aðdraganda þessarar háttsemi og hvernig það hafi komið til að kynferðislegri háttsemi var hætt.

129. Ákærði sagði hjá lögreglu og aftur fyrir dómi að hin kynferðislega háttsemi hafi staðið yfir í stutta stund, en að þau A hefðu spjallað saman í góða stund að henni lokinni, í allt að einn og hálfan til tæpa tvo klukkutíma. Kom jafnframt fram í Instagram-skilaboðum sem ákærði sendi til A tveimur dögum síðar, 27. júní 2023, að þau hefðu spjallað lengi saman eftir að kynferðislegri háttsemi var lokið. Getur þessi framburður ákærða samrýmt því að C hafi yfirgefið íbúðina um kl. 06:00 og ákærði um kl. 08:00 og þau A þar af leiðandi verið ein í um tvær klukkustundir.

130. A sagði á móti hjá lögreglu að hún hefði verið frosin eftir það sem gerst hafði þeirra á milli og að hún myndi ekki hvað ákærði hefði rætt um eftir að kynferðislegri háttsemi var lokið. Þá sagðist hún ekki vita hversu lengi eftirfarandi samtal hefði staðið, kannski nokkrar mínútur. Kvað hún að sig hefði langað til að koma ákærða út, staðið upp og farið að hurðinni. Ákærði hefði staðið upp og kysst hana þéttingsfast á munninn áður en hann hefði farið. Hjá lögreglu og fyrir dómi sagði A sem fyrr segir að þau hefðu spjallað saman í „stutta“ stund og ákærði svo farið. Stemmur það ekki við að þau hafi verið ein í stofunni í um tvær klukkustundir, líkt og ákærði segir.

Um Instagram-samskipti ákærða og ætlaðs brotþola 27. júní 2023.

131. Eins og áður segir sendi ákærði skilaboð til vitnisins A í gegnum Instagram tveim dögum eftir umræddan atburð, þ.e. þann 27. júní 2023. Skiptust þau tvö á skilaboðum í kjölfar þess. Að mati dómsins verða skilaboð og svör ákærða ekki skilin með öðrum hætti en þeim að það virðist hafa komið honum á óvart að A skyldi halda því fram að hún hefði ekki verið samþykkt því sem gerðist þeirra á milli, sem og að hún skyldi halda því fram að ákærði hefði gert eitthvað á hennar hlut. A er á móti staðföst í þeirri afstöðu sinni að hún hafi ekki verið samþykkt því sem gerðist.

132. A segir meðal annars í skilaboðum sínum til ákærða 27. júní 2023 að hún hafi verið grátandi og ekki viljað „þetta“ og ákærði viti það vel. Ákærði svarar: „Okei whattttt“. Ákærði heldur áfram: „Fyrsta lagi, þá í smá sjokki að þú hafi upplifað þetta þannig og finnst það leiðinlegt“. „Hafi upplifað þetta þannig? Ég sagði oft að mig langaði þetta alls ekki“, segir þá A. Ákærði svarar: „Ég lá í þessum sófa þegar þú komast í hann hálf nakin til min þannig?“ Ákærði heldur áfram: „Og þegar þu sagðist vilja stoppa þá stoppaði eg? Og við hættum þá bara“. Ákærði heldur enn áfram: „Þa forsru að tala um H og L“. Því svarar A með orðunum: „X, ég sagði frá upphafi að mig langaði þetta ekki og þú sást mig gráta en hélst samt áfram“. Ákærði svarar: „Ha??? Nei þegar þu fórst að vera eitthvað leið þá stoppaði eg A????? Og þá forstu að tala um þau“, „Angrins eg það let mig stoppa STRXXX“, „Ég hélt þú vildir þetta og ég var að fá þannig vibe þannig að til þú stoppaði mig og fórst að ræða H og“. Ákærði heldur áfram: „En ég samt skil ekki alveg, við spjölluum heil lengi eftir þetta (um basically allt) og þú kysstir mig bæ- ég vissi ekki af neinu vondu vibei“. Ákærði heldur enn áfram: „Shit mér liður fíranlega illa að þér liði svona og þá var angrins það seinaasta sem eg var að búast við“.

133. A er ákærða ekki sammála: „Það er ekki satt, um leið og þú byrjaðir að gera eitthvað táraðist ég og svo fór ég bara að gráta.. þú sagðir við mig „af hverju ertu að grata“ og eg sagði er því ég vildi þetta ekki en samt hélstu áfram...þú reyndir endalaust að kyssa mig og ég horfði alltaf í burtu, helduru að manneskja vilji eitthvað þegar hún vill ekki kyssa þig og er grátandi?“ Ákærði svarar: „Mér finnst það ekki rétt hjá þér A“; „Þú ert basically að láta það hljóma nuna eins og eg sé eh n ari“; „Um leið og þú varst að byrja að tárast þá var eg bara wtf hvað er það- og það var það búið á sömu sekúndu“; „Þu fórst td úr sjálf- þessu litla sem þú varst í þegar við vorum í sofanum“.
134. A segir ögn síðar í samskiptunum: „Hef ekki hætt að titra síðan þú fórst og er ekki búin að ná að sofa því mér líður svo illa, ég veit að ég bað þig um að hætta löngu áður en þú hættir og þú getur ekki sagt mér að þú hafir ekki haldið áfram eftir að þú sást mig gráta.. Þú heyrðir í mér þegar ég sagði að mér þótti þetta ogeðslega vont því þú varst svo harðhentur en hunsaðir það“. Ákærði svarar: „Okei A ég spurði þig mjöðög skýrt amk 1x hvort þú vildir gera þetta“ [...] „Ég var ekki að þvinga þig eða pína þig í neitt að minnu mati, og ef það hafi verið þannig þá hefði líklega vinir þínir heyrt í okkur inni herb og stoppað það right?“ Nokkru síðar segir A: „Já hef þekkt þig það lengi að mér hefur ekki dottið 1x í hug að þú hefðir þetta í þér, þú ert eins og frændi minn“.
135. Af framangreindu má glögglega ráða hversu frábrugðin upplifun ákærða og vitnisins A var af því sem gerðist þeirra á milli, er þau voru orðin ein eftir í stofunni umrædda nótt. Framburðir þeirra um þessi atvik, fyrir lögreglu og fyrir dómi, voru í öllum meginatriðum í samræmi við þá afstöðu sem hvort um sig lýsti í þeim skilaboðum sem rakin eru hér að framan. Eru lýsingar þeirra á þeim atvikum sem hér er lýst ólíkar í grundvallaratriðum og að mörgu leyti andstæðar. Stendur þar orð gegn orði, eins og áður segir.

Um viðbrögð ætlaðs brotapolu og áhrif meints brots á hana.

136. Vitnið A, ætlaður brotapolu í málinu, hefur verið staðföst í þeirri afstöðu sinni að ákærði hafi brotið gegn henni í umrætt sinn. Liðu sem fyrr segir ekki nema fáeinar mínútur frá því að ákærði yfirgaf íbúðina og þar til A hringdi í vinkonu sína, vitnið G, á Facetime og átti við hana myndsímtal, þar sem hún ræddi atvik næturinnar. Var A þá hágrátandi og miður sín, eins og glögglega mátti ráða af trúverðugum framburði vitnisins G fyrir dómi, sem fær stoð í gögnum málsins, þar með töldum áður nefndum ljósmyndum af A sem teknar voru á síma hennar kl. 08:13 og kl. 08:14 þennan morgun.
137. Samkvæmt framburðum A og G greindi A G frá því að ákærði hefði brotið gegn sér umræddan morgun, meðal annars með því að setja fingur inn í leggöng hennar gegn hennar vilja. A greindi vinkonu sinni, vitninu E, sömuleiðis frá því er þær vöknudu umræddan morgun að ákærði hefði brotið gegn sér um nóttina. Vitnið F gat sömuleiðis borið um að A hefði þá verið í miklu uppnámi.

138. A greindi móður sinni, vitninu O, og kærasta sínum, vitninu H, einnig frá því síðar um daginn að ákærði hefði brotið gegn henni, sem og vinkonum sínum, vitnunum I og D, í vikunni þar á eftir, I á mánudeginum 26. júní og D á föstudeginum 30. sama mánaðar.
139. A leitaði einnig til ráðgjafans M á mánudeginum, 26. júní 2023. Sama dag leitaði A á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis á bráðamóttöku Landspítalans. A brást enn fremur, eins og áður segir, illa við Instagram-skilaboðum ákærða þriðjudaginn 27. sama mánaðar og brotnaði að auki saman við umræður á vinnustað sínum nokkrum dögum síðar, sbr. framburð A sjálfrar og framburð vitnisins P.
140. Hefur A samkvæmt framansögðu hvergi hvikað varðandi það að ákærði hafi brotið gegn henni umrædda nótt og að það sem hafi gerst hafi verið gegn hennar vilja. Enginn vafi er sömuleiðis um það að A hafi verið miður sín vegna þess sem gerðist á milli hennar og ákærða umrædda nótt. Hefur hún auðsjáanlega tekið þá atburði mjög nærri sér, allt frá fyrstu stundu. Fær það ekki aðeins stoð í framburðum framangreindra vitna, Instagram-skilaboðum A sjálfrar og skýrslu neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis, heldur einnig í framburði vitnisins R, ráðgjafa hjá [...], sem hitti A fyrst þann 7. september 2023.
141. Viðbrögð vitnisins A við atburðum aðfaranætur 25. júní 2023 og eftirfarandi áhrif á hana, sem framangreind vitni lýstu með greinargóðum og trúverðugum hætti fyrir dómi, geta vel samrýmt því að A hafi orðið fyrir kynferðisbroti af hálfu ákærða umrædda nótt, líkt og hún sjálf segir. Geta áhrifin og viðbrögðin þannig rennt stoðum undir það að framburður A, hvað varðar meint brot, sé réttur.
142. Ákærði hefur á móti sagt að viðbrögð A geti allt eins átt þá skýringu að hún hafi þjást af samviskubiti vegna framhjáhalds, en þau hafi bæði átt maka þegar þetta var. Kvaðst ákærði þekkja að samviskubit fylgdi framhjáhaldi. Glæpur hans, og þeirra, þessa nótt hafi verið sá að þau héldu framhjá mökum sínum, sem þau hafi ekki átt að gera. Hann kvaðst hins vegar vita að hann hefði ekkert gert á hlut A.
143. Hvað sem líður framangreindri skýringu ákærða er ljóst að hann verður ekki sakfelldur á þeim forsendum einum að viðbrögð ætlaðs brotþola og líðan eftir ætlað brot renni stoðum undir framburð hennar í málinu og að sök ákærða teljist þar með sönnuð. Frekari sönnunargagna er þörf svo að unnt sé að refsa fyrir nauðgun. Það er einnig skilyrði þess að unnt sé að refsa fyrir nauðgun samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga að brot hafi verið framið af ásetningi, sbr. 18. gr. sömu laga.

Um trúverðugleika framburðar ákærða.

144. Samkvæmt 115. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal dómari meta sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans, við úrlausn máls. Í því samhengi skal meðal annars hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans.
145. Ákærði hefur staðfastlega neitað því að hafa brotið gegn vitninu A í greint sinn. Kom sú afstaða hans meðal annars fram í áður nefndum Instagram-skilaboðum hans til A, sem send voru tveimur dögum eftir umræddan atburð, 27. júní 2023. Ákærði hefur sem fyrr segir gengist við því að kynferðisleg háttsemi hafi átt sér stað á milli hans og A umrædda nótt, sem skilgreina má sem önnur kynferðismök í skilningi 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Þau hafi meðal annars kysst og hann síðan kysst háls og brjóst A, stungið fingri inn í leggöng hennar og veitt henni munnmök. Allt hafi það hins vegar átt sér stað með fullu samþykki A. Því hefur A sem fyrr segir neitað.
146. Afstaða ákærða og frásögn hefur ekki breyst frá framangreindum Instagram-samskiptum við vitnið A. Hefur ákærði borið með líkum hætti hjá lögreglu og fyrir dómi. Framburður ákærða fær auk þess stoð í framburðum vitna, svo langt sem þeir framburðir geta náð, en ákærði og A voru sem fyrr segir ein eftir er hin kynferðislega háttsemi átti sér stað. Þá var hægt að staðreyna ákveðin atvik í framburði ákærða með gögnum, svo sem um það hvernig hann yfirgaf íbúð A og hvenær.
147. Ákærði hefur meðal annars sagt að öðruvísi „vibe“ hafi verið á milli þeirra A á Auto þetta kvöld en áður. Það á sér nokkra stoð í vitnisburðum [...], L, og vitnisins N, sem og í vitnisburði B, sem sagði að allir hefðu verið að „flörta“ smá þetta kvöld, við alla. Þá bar vitnið D fyrir dómi að ákærði og vitnið B hefðu sýnt A áhuga þessa nótt og að sá áhugi hefði verið gagnkvæmur. Eins kom fram hjá vitninu C hjá lögreglu að honum hafi ekki virst að sú athygli sem A hafi fengið frá ákærða og vitninu B hafi verið óvelkomin.
148. Framburður ákærða um það hvernig það kom til að hann fór í eftirparty til A þessa nótt fær stoð í framburðum vitnanna D og C. Framburður ákærða um það sem gerðist eftir að þangað var komið, allt þar til vitnið C yfirgaf samkvæmið, fær stoð í framburði C, svo og í framburðum vitnanna B, D, A, E og F, svo langt sem framburðir þeirra ná.
149. Það dregur aðeins úr trúverðugleika framburðar ákærða, að mati dómsins, að hann hefur neitað því að hafa rætt það við vitnið A að morgni 25. júní 2023, að hann hefði skömmu áður tekið mynd af A og vitninu B í svefnherbergi íbúðarinnar. A nefndi það hins vegar í skilaboðum til móður sinnar síðar sama dag að ákærði hefði nefnt myndina við hana þá um morguninn og að myndin liti illa út fyrir hana. Er vandséð hvernig A hefði átt að vita af myndinni ef ákærði hefði ekki sagt henni frá henni.

150. Það þykir hins vegar ekki rýra trúverðugleika framburðar ákærða, að mati dómsins, að hann virðist að nokkru leyti hafa ruglast á tímasetningum, enda eru nákvæmar tímasetningar almennt séð vandmeðfarnar löngu eftir að atburður er um garð genginn. Kom það meðal annars vel fram við skýrslutökur af vitnum í málinu, sem áttu eðlilega erfitt með að muna nákvæmar tímasetningar þessa nótt. Styrkir það í raun framburði þeirra sem skýrslur gáfu og gerir þá að mati dómsins trúverðugri, en ekki öfugt. Á þetta ekki síst við þegar þeir aðilar eða vitni sem í hlut eiga voru undir áhrifum áfengis er umræddir atburðir gerðust, líkt og hér háttar til.
151. Ákærði sagðist meðal annars fyrir dómi hafa sent Instagram-skilaboð á A á miðvikudeginum eftir umræddan atburð. Hið sama sagði A í upphaflegri skýrslu sinni hjá lögreglu. Af gögnum málsins að dæma á þetta líkast til að vera þriðjudagur. Þá bendir margt til þess að lögmaður A hafi haft samband við Vilhjálmm Hans Vilhjálmsson lögmann eftir að vitnin K, D og J höfðu greint ákærða frá þeim ásökunum sem á hann höfðu verið bornar, en ekki áður, líkt og fram kom hjá ákærða fyrir dómi.
152. Að öllu virtu, og þrátt fyrir það sem rakið er hér að framan, verður að telja að framburður ákærða um það sem gerðist umrædda nótt hafi heilt yfir verið staðfastur, skýr og trúverðugur. Ákærði hefur að mati dómsins verið sjálfum sér samkvæmur, allt frá Instagram-samskiptum sínum við A, þar með talið hjá lögreglu og fyrir dómi. Innra samræmi í framburði hans er sömuleiðis gott. Þá hafa vitnin D, K og J öll borið að ákærða hafi brugðið við að heyra þær ásakanir sem á hann höfðu verið bornar. Er það í samræmi við viðbrögð ákærða sjálfs í Instagram-skilaboðum hans til A 27. júní 2023 og framburð hans fyrir dómi.

Um trúverðugleika framburða annarra vitna en ætlaðs brotþola.

153. Samkvæmt 126. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber dómnum að huga að sönnunargildi vitnisburða við úrlausn máls. Ber dómnum í því samhengi meðal annars að líta til afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotþola, hagsmuna vitnis af málsúrslitum, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minnis, ástands og hegðunar þess við skýrslugjöf og síðast en ekki síst öryggis vitnis og skýrleika í svörum, sem og samræmis í frásögn þess. Á þetta meðal annars við um vitnisburð A, ætlaðs brotþola í málinu, sem fjallað verður um hér á eftir, svo og um framburði annarra vitna.
154. Það er mat dómsins að framburðir vitnanna B, C, D, E, F, sem öll voru í íbúð A umrædda nótt, hafi í öllum meginatriðum verið trúverðugir. Það sama verður sagt um framburði vitnanna G, O, H, M, I, P, Q og R, sem öll ræddu við A eftir umræddan atburð, og jafnframt um framburði L, N, K og J.
155. Minniháttar ónákvæmni eða misræmi, svo sem varðandi nákvæmar tímasetningar, það hver hafi haft samskipti við hvern eða hvað hafi verið rætt, þykir sem fyrr segir ekki draga úr sönnunargildi

framburða vitna í málinu, enda nokkuð um liðið frá því að umræddir atburðir gerðust. Þá verður ekki annað séð en að greinilega hafi komið fram hvað vitnin hafi upplifað sjálf og hvað þau hafi haft eftir öðrum.

156. Sum vitnanna hafa sterk tengsl við annað hvort ákærða eða ætlaðan brotþola í málinu og sum við þau bæði. Þrátt fyrir það var ekki að mati dómsins hægt að merkja það, í það minnsta ekki almennt séð, að vitni hafi látið tengsl sín eða vinskap ráða framburði sínum fyrir dómi. Engu að síður verður, eftir því sem ástæða þykir til, höfð hliðsjón af þessum tengslum og vinskap vitnanna við ákærða eða ætlaðan brotþola við mat á sönnunargildi framburða þeirra í málinu, ekki síst þeirra vitna sem standa næst ákærða eða ætluðum brotþola.

Um framburð ætlaðs brotþola varðandi vitnið C.

157. Vitnið A leitaði sem fyrr segir fyrst til lögreglu í ágústmánuði 2023. Var fyrst tekin skýrsla af henni hjá lögreglu 22. þess mánaðar, tæpum tveimur mánuðum eftir umræddan atburð. Gaf hún skýringar á því fyrir dómi hvers vegna hún hefði beðið í þann tíma, en ekki leitað strax til lögreglu. A gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 7. nóvember sama ár. Í millitíðinni höfðu verið teknar skýrslur af ákærða og fleiri vitnum, auk þess sem annars konar gagna hafði verið aflað.
158. Það er að mati dómsins athyglisvert að í fyrri skýrslu sinni hjá lögreglu, 22. ágúst 2023, minntist A ekki einu orði á að vitnið C hafi verið í íbúð hennar nefnda nótt. Eðli máls samkvæmt minntist hún heldur ekki á það að C hefði yfirgefið íbúðina á sama tíma og vitnin B og D, ef ekki fyrr. Samkvæmt framburðum vitnanna G og I, vinkvenna A, og H, kærasta hennar, nefndi A það ekki heldur við þau, í samtölum 25. og 26. júní 2023, að C hefði verið í íbúðinni. Virðist hún sömuleiðis ekki hafa nefnt það í samskiptum við móður sína sunnudaginn 25. júní 2023.
159. A nefndi aftur á móti alla aðra sem verið höfðu í íbúðinni umrædda nótt, bæði í samtölum við framangreindar vinkonur sínar og kærasta, sem og í samskiptum við móður sína 25. júní 2023 og í fyrstu skýrslu hjá lögreglu 22. ágúst sama ár, þar á meðal vitnin B, D, E, F, auk hennar sjálfrar og ákærða.
160. A kannaðist aftur á móti við það í síðari skýrslu sinni hjá lögreglu, 7. nóvember 2023, sem og í skýrslu sinni fyrir dómi, að C hefði verið í íbúðinni þessa nótt. A var spurð um það hjá lögreglu 7. nóvember 2023 hvers vegna hún hefði ekki nefnt vitnið C í fyrri skýrslu sinni. Hún svaraði því til að hún þekkti hann svo lítið og hafi ekki vitað hver hann hafi verið. Sagði hún jafnframt: „... hann var bara ekki alveg partur af sögunni ...“. Nokkru síðar sagði A: „... en ég einhvern veginn bara svona var ekki að þæla í honum, mér fannst hann ekki vera partur af sögunni út af því að hann var ekki þarna þegar ég var að háttá mig, hann var ekki þarna þegar ég kom fram, hann var bara já, ég veit ekki alveg“.

161. Fyrir dómi útskýrði A það svo að henni hefði fundist C vera lítill partur af sögunni. Þá sé rangt að hann hafi verið frammi í stofu íbúðarinnar er hún hafi komið fram, eftir að hafa háttað sig í svefnherbergi íbúðarinnar. Um tilbúning væri að ræða og ákærði hafi einn verið í stofunni á þeim tímapunkti. Sagði A að C hefði verið í íbúðinni í „rosalegan stuttan“ tíma og alveg farið framhjá henni. Hún hefði hvorki vitað hver hann var né hvert nafn hans væri, heldur hugsað um fólkið sem hún hefði verið með. A kvaðst aðeins einu sinni hafa séð C í íbúðinni og samskipti þeirra hefðu verið mjög takmörkuð. Því hefði hún ekki nefnt nafn hans í fyrstu skýrslu sinni hjá lögreglu, 22. ágúst 2023.
162. Það er mat dómsins að A hafi hvorki gefið trúverðugar né skynsamlegar skýringar á því, hvorki fyrir lögreglu né fyrir dómi, hvers vegna hún hafi ekki nefnt það að C hafi verið í íbúðinni þessa nótt, jafnvel þótt hún hafi ekki vitað nafn hans á þeim tíma. Allir aðrir sem í íbúðinni voru nefndu það að C hefði verið í íbúðinni, einnig þeir sem ekki þekktu til hans fyrir þetta kvöld, sem og C sjálfur. Er þar af leiðandi óskiljanlegt að A hafi ekki nefnt það í upphaflegri skýrslu sinni hjá lögreglu að C hafi verið í íbúðinni umrædda nótt, ásamt þeim B, D, E, F, henni sjálfri og ákærða, líkt og aðrir gerðu sem þar voru. Veikir það tvímælalaust framburð A í málinu.
163. Það er enn fremur mat dómsins að framburður vitnisins C í málinu hafi verið greinargóður, skýr og trúverðugur, jafnvel þótt hafa beri í huga tengsl hans við ákærða, en þeir eru sem fyrr segir æskuvinir. Fram kom fyrir dómi að C væri lögfræðimenntaður. Ætti honum sem slíkum að hafa verið ljósar þær ríku skyldur sem hvíla á vitnum í sakamálum og afleiðingar þess að bera rangt fyrir dómi, en dómurinn gerði vitninu jafnframt grein fyrir þeim. Er enn fremur ljóst að um lykilvitni kann að vera að ræða, ekki síst í ljósi þess að samkvæmt eigin framburði C og framburði ákærða er C sá einstaklingur sem síðastur sá ákærða og A, skömmu fyrir meint brot.
164. Þá hefur ekkert komið fram í málinu sem bendir til þess að vitnið C hafi farið rangt með fyrir dómi, raunar þvert á móti. Innra samræmi í framburði hans þykir í meginatriðum hafa verið gott, jafnvel þótt um minniháttar misræmi hafi verið að ræða, svo sem varðandi tímasetningar. C gat einnig lýst atriðum sem erfitt er að ímynda sér að hann hefði getað borið um ef hann hefði ekki verið á staðnum og upplifað þau sjálfur. Framburður C, sem gaf tvívegis skýrslu hjá lögreglu svo og fyrir dómi, styðst enn fremur að mörgu leyti við framburði annarra vitna eftir því sem hægt er, svo sem vitnanna B, D, E og F, sem og við framburð ákærða. Þá styðst framburður C einnig að nokkru leyti við framburð A sjálfrar fyrir dómi.
165. Vitnið C lýsti því ekki aðeins fyrir lögreglu og fyrir dómi hvað hefði gerst eftir að vitnin B og D höfðu yfirgefið íbúðina umræddan morgun, heldur gat hann jafnframt í smáatriðum lýst klæðaburði A er hún kom fram í sófann til ákærða, eftir að hafa háttað sig í svefnherbergi íbúðarinnar og vafið sig sæng. Lýsti vitnið því meðal annars fyrir lögreglu og fyrir dómi að A

hefði á þeim tímapunkti verið klædd í gráan hlýrabol eða topp og nærbuxur og haft sæng með sér. Gat C sömuleiðis greint frá því hvar hvert þeirra sat á því tímamarki, ákærði hafi setið í sófanum og hann sjálfur í stól á móti. A hafi komið fram og sest þétt við ákærða. Þá gaf C að mati dómsins trúverðuga skýringu á því hvenær hann hafi yfirgefið íbúðina, sem ekki hefur verið hrakin.

166. Framangreindur framburður C er sem fyrr segir í samræmi við framburð ákærða hvað þessi atriði varðar, en að hluta til í andstöðu við framburð A sem, eins og áður segir, nefndi C ekki á nafn í fyrstu skýrslu sinni og hefur síðar borið að hann hafi farið úr íbúðinni um leið og vitnin B og D, ef ekki fyrr. Framburður A um það hvenær C hafi yfirgefið íbúðina er ekki aðeins í mótsögn við framburði ákærða og C sjálfs um það atriði, sem báðir bera að C hafi enn verið í íbúðinni er A hafi komið fram eftir að hafa skipt um föt, heldur einnig í mótsögn við framburði vitnanna B og D. Bar þeim ákærða, B, D og C öllum saman um að C hefði enn verið í íbúðinni er B og D fóru, ólíkt því sem A segir. Samkvæmt því getur framburður A um að C hafi yfirgefið íbúðina með B og D, ef ekki fyrr, ekki staðist.

Um framburð ætlaðs brotþola varðandi samskipti hennar við vitnið B.

167. Vitnið A gerði nokkuð mikið úr því í fyrri skýrslutöku sinni hjá lögreglu, þann 22. ágúst 2023, að ákærði hefði ekki verið sá eini sem hefði sýnt henni óviðeigandi hegðun þessa nótt. Kvaðst hún hafa farið inn í svefnherbergi íbúðar sinnar til að athuga með vitnið B, sem þar hafi legið uppi í rúmi. Hann hafi byrjað að segja „ógeðslega óviðeigandi hluti“ við hana, beðið hana um að setjast hjá sér og svo rífið í hana, þannig að hún hafi sest hjá honum. Hún hafi sagt við B að þetta væri ekki hann, hann ætti konu og börn og að hana langaði ekki að vera í þessum aðstæðum.
168. A hafði, er hér var komið sögu, ekki séð ljósmynd sem ákærði tók af henni og vitninu B þessa nótt, að eigin sögn fljótlega eftir að hann kom í íbúðina. Liggur ljósmyndin frammi í málinu. Sýnir myndin A sitja í mestu makindum ofan á mjaðmasvæði B, sem liggur í rúmi í svefnherbergi íbúðarinnar. Verður ekki annað ráðið af ljósmyndinni en að nokkuð vel hafi farið á með A og B er myndin var tekin. Virðast þau ræða saman í rólegheitum og engin merki um að A sitji nauðug ofan á B eða að hún hafi verið neydd til þess af honum að setjast ofan á hann. Þá ber myndin ekki með sér að A upplifi vanlíðan á þeirri stundu er hún er tekin.
169. A var í síðari skýrslu sinni hjá lögreglu, 7. nóvember 2023, spurð út í það hvernig hún hefði setið er hún hefði verið inni í herbergi með vitninu B í greint sinn. Hún kvaðst hikandi ekki muna nákvæmlega hvernig hún hefði setið „á honum“ eða „hjá honum“, eftir að hann hefði togað í hönd hennar, en henni hefði ekki liðið vel. Er borinn var undir hana framburður, sem ákærði og vitnið C höfðu þá gefið hjá lögreglu, um að hún hafi setið klofvega yfir B og virst vera sátt, svaraði A: „Þú veist, jú, ég man bara einhvern veginn þú veist ef að ég sat klofvega á honum þá var það bara í einhverjar sekúndur því ég var ekki þannig á honum lengi sko“. Nokkru síðar sagði A: „Ég var

aldrei sátt við að sitja [klofvega] hjá B ef það var, ég man ekki alveg eftir að hafa setið klofvega yfir honum“. Hún heldur áfram: „Ég man hvað við töluðum um, ég man hvað hann sagði við mig en ég man ekki eftir að hafa setið klofvega á honum“. Þá lýsti hún því hversu illa henni hefði liðið undir samtali þeirra B. A kvaðst hins vegar ekki geta útilokað að hún hefði setið klofvega ofan á B.

170. A bar fyrir dómi að B hefði togað í hana og beðið hana um að setjast hjá sér, sem hún hefði gert. Hún hefði fyrst sest á rúmstokkinn en B beðið hana um að koma nær. Hann hefði viðhaft óviðeigandi ummæli við hana og henni liðið illa. Kvaðst A mögulega hafa setið ofan á öðrum fæti B en kannaðist ekki við að hafa setið klofvega yfir mitti hans.
171. Að mati dómsins samrýmist myndefni á framangreindri ljósmynd ekki þeirri lýsingu sem A hefur gefið á samskiptum þeirra B í svefnherbergi íbúðar hennar þessa nótt. Á það ekki síst við um upphaflega lýsingu hennar á atvikum þeirra á milli, sem hún hefur raunar síðar dregið nokkuð úr. Tók A til dæmis þannig til orða í skýrslu sinni hjá lögreglu 22. ágúst 2023 að henni hafi brugðið svo við að heyra gróf ummæli B í svefnherberginu að snögglega hafi runnið af henni. Þykir ljósmyndin hins vegar engan veginn endurspegla frásögn A um þvingun af hálfu B eða vanlíðan hennar sjálfar í þeim aðstæðum sem hún segist hafa verið í. Þá er framburður A um að hún hafi aðeins verið inni í svefnherberginu í stutta stund í andstöðu við framburði vitna, þar með talinna vitnanna F og C.
172. Í þessu samhengi má einnig nefna framburð vitnisins D, sem var um tíma inni í svefnherberginu með B, A og ákærða. Var ekki annað á D að skilja en að allt hefði verið með eðlilegum hætti þann tíma sem hún dvaldi í herberginu. Þá kannaðist B sjálfur ekkert við að hafa þvingað A eða að hann hefði viðhaft óviðurkvæmilegt orðalag við hana eða að um óvelkomna hegðun hefði verið að ræða, líkt og hún hefur sjálf greint frá. Framburður A um þau atriði fær því hvorki stoð í framburðum annarra vitna né í gögnum málsins.

Um framburð ætlaðs brotþola um klæðaburð sinn og hvenær hún hafi skipt um föt.

173. Vitnið A var spurð um það hjá lögreglu 22. ágúst 2023 í hvaða fötum hún hefði verið er hún hefði komið fram í stofuna umræddan morgun, með sæng vafða um sig, og sest í sófann hjá ákærða umrædda nótt. A bar sem fyrr segir að ákærði hefði þá einn verið eftir í íbúðinni, að undanskildum vitnunum E og F, sem hafi verið farin að sofa í svefnherbergi íbúðarinnar. Svvaraði A því til, þann 22. ágúst 2023, að hún hefði farið inn í svefnherbergi íbúðarinnar og skipt um föt. Hefði hún skilið fötin sem hún hefði verið í eftir inni í svefnherberginu, en komið fram á nærbuxum, í bol og með sæng. Um hafi verið að ræða einhvern „druslubol“, sem ekki hafi verið „eitthvað svaka sexý“, þetta hafi bara verið „venjulegur bolur“. Nærbuxurnar hafi verið gráar og bolurinn grængrár. A

mun hins vegar hafa klæðst hvítum bol fyrir um kvöldið, með skreytingu á eða við hálsmálið, þar með talið á Auto.

174. A var spurð út í það hjá lögreglu þann 7. nóvember 2023, áður en framangreind ljósmynd var borin undir hana, hvernig hún hefði verið klædd er hún hefði setið hjá eða á B inni í svefnherbergi íbúðarinnar. Svar hennar var á þessa leið: „Ég var í hvítum bol með svona sem nær eða svona sem er svona utan um hálsinn líka með hvítu blómi og í svona síðu gráu pilsí“. Um sama bol hafi verið að ræða og hún hafi klæðst fyrir um kvöldið. A var þá spurð hvort hún hefði skipt um föt eða eitthvað. Svaraði hún þá: „Bara þegar allir voru farnir“. Hún var þá minnt á að í fyrri skýrslu sinni hefði hún sagst hafa farið í „grágrænan druslubol“ og hún svarað að um „kósýbol“ hafi verið að ræða. Hún var jafnframt minnt á að hún hefði sagt á neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis á bráðamóttöku Landspítalans að hún hefði farið í „stóran stuttermabol“. Aðspurð um það hvenær hún hefði skipt um bol svaraði A: „Þegar allir voru farnir og ég var að fara að sofa“ [...] „Og X var að bíða eftir bíl“.
175. Framangreind ljósmynd, sem ákærði tók af A og B þessa nótt, sýnir að A var á þeim tímamarki hvorki í hvítum bol, líkt og hún hafði sjálf sagt hjá lögreglu, né í stórum stuttermabol, líkt og fram kemur í skýrslu neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis á bráðamóttöku Landspítalans, heldur klædd í grágrænan, stuttan og ermalaus bol eða topp, með hlýrum og í ljósgráu pilsí. Þá neitaði A því í skýrslu sinni hjá lögreglu 7. nóvember 2023 að um ermalaus bol hefði verið að ræða, en bolurinn á ljósmyndinni er sem fyrir segir með hlýrum og án erma.
176. Ljósmyndin sýnir einnig að A skipti ekki aðeins um föt eftir að allir voru farnir, líkt og hún hafði sjálf ítrekað borið, heldur skipti hún alla vega um bol fyrir en hún hafði greint frá, því samkvæmt ljósmyndinni var A kominn í grúa eða grængrúa hlýrabolinn áður en vitnin B, D og C yfirgáfu íbúðina, ekki eftir að þau voru farin, líkt og A bar í upphaflegri skýrslu sinni 22. ágúst 2022 og í fyrstu í skýrslu sinni þann 7. nóvember 2023.
177. Er nefnd ljósmynd var borin undir A hjá lögreglu 7. nóvember 2023 og hún spurð hvort bolurinn sem hún væri í á myndinni væri hvíti bolurinn sem hún hefði verið í svaraði hún: „Nei, ég ætlaði að fara í þennan bol og háttá mig en ég fór í einhvern annan bol eða þú veist út af því að ég bara svona mér fannst þessi svo stuttur og eitthvað, ég man, ég man meira að segja eftir því að hafa farið í þennan bol en já, þetta er ekki, þetta er ekki hvíti bolurinn minn og þetta er *heldur ekki bolurinn sem ég fór fram í*“ [auðkenning dómsins].
178. A var áfram spurð af lögreglu 7. nóvember 2023 hvort hún hefði skipt aftur um föt, eftir þetta, sem A svaraði játandi: „Já, ég fór að háttá mig eftir þetta, þarna voru allir ennþá“. Lögreglumaðurinn spurði þá: „Já, ókei, þarna voru allir ennþá og þarna varstu í þessum, þetta er ekki hvíti bolurinn heldur er þetta þessi kósýbolur sem þú varst að tala um?“ Því svaraði A neitandi

og sagði að þetta væri ekki kósýbolurinn. A var þá spurð hvenær hún hefði skipt um og farið í þennan kósýbol. „Þegar allir voru að fara“, svarar A. Hún var svo spurð hvort hún hefði aftur skipt um bol eftir að ákærði hafði yfirgefið íbúðina þennan morgun, en hún kvaðst ekki muna það.

179. Er A var fyrir dómi spurð út í klæðaburð sinn þetta kvöld og það hvenær hún hefði skipt um föt svaraði hún því til að bolurinn á ljósmyndinni, sem sýnir hana sitja ofan á vitninu B, sé *sami bolurinn og hún hafi farið fram í* [auðkenning dómsins], þ.e. þegar hún fór fram til ákærða eftir að hún hafði háttað sig í svefnherbergi íbúðarinnar. Sagði hún sem fyrr segir alla hafa verið farna á þeim tíma, aðra en þau ákærða og E og F, sem hafi verið farin að sofa inni í svefnherberginu. Sagði A með öðrum orðum bolinn á myndinni vera þann bol sem hún hafi klæðst er ákærði hafi brotið á henni.
180. Eins og ráða má hér að framan er þessi framburður A fyrir dómi í mótsögn við svör hennar sjálfrar og skýringar hjá lögreglu 7. nóvember 2023, þar sem hún hélt hinu gagnstæða fram. Þá er athyglisvert að upphafleg lýsing ákærða og vitnisins C á klæðnaði A, er hún hafi komið fram í stofuna eftir að B og D voru farin og E og F voru farin að sofa, samrýmist útliti bolsins sem A klæðist á nefndri ljósmynd. Virðist framburður þeirra um það atriði því vera nákvæmari og áreiðanlegri en framburður A sjálfrar um það atriði, sem styður enn frekar ályktanir dómsins um trúverðugleika framburða þeirra.
181. Þá er einnig misræmi á milli frásagnar A fyrir dómi, annars vegar, og hjá neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis, hins vegar. Vitnið Q bar fyrir dómi að A hefði sagt í viðtali hjá neyðarmóttökunni 28. júní 2023 að hún hefði verið „í stórum bol“ er ákærði hefði brotið gegn henni. Það fæst hins vegar ekki staðist miðað við þær myndir sem teknar voru af A umrædda nótt og morgun, enda var sá bolur sem A var í á myndunum og sagðist fyrir dómi hafa verið í er ákærði hefði brotið á henni ekki stór í venjulegum skilningi þess orðs. A greindi móður sinni auk þess frá því í skilaboðum 25. júní 2023 að hún hafi verið í stuttbuxum og nærbuxum er ákærði hafi brotið á henni, sem var ekki raunin, líkt og ráða má af því sem rakið er hér að framan.

Um trúverðugleika framburðar ætlaðs brotaþola.

182. Líkt og að framan greinir er það verkefni dómsins að meta trúverðugleika framburðar vitnisins A, meðal annars út frá því hvernig innra samræmi framburðarins hafi verið, sem og því hvort framburður hennar fái stoð í gögnum málsins. Takmarkast það ekki aðeins við lýsingu A á ætluðu broti eða hinni kynferðislegu háttsemi einni og sér, heldur ber dóminum einnig að horfa til annarra atriða, svo sem lýsinga hennar á atvikum, bæði fyrir umræddan atburð og eftir hann, að því marki sem frásögn hennar um þau atriði getur gefið vísbendingar varðandi sakarefni málsins og trúverðugleika skýrslu hennar.

183. Af framansögðu má ráða að jafnvel þótt A hafi verið staðföst í því frá fyrstu stundu að ákærði hafi brotið á henni umrætt kvöld, með því að hafa við hana kynferðismök gegn hennar vilja, þá hefur framburður hennar um önnur atriði breyst nokkuð eftir því sem liðið hefur á meðferð málsins. Hefur hún meðal annars, eins og sjá má af framangreindu, verið margsaga um það í hvaða fötum hún hafi verið er ákærði á að hafa brotið gegn henni, hvenær hún hafi skipt um bol og að sumu leyti varðandi önnur atvik.
184. A, sem sagði hjá lögreglu 22. ágúst 2023 að hún myndi hverja einustu sekúndu þessa nótt, hefur ekki aðeins verið margsaga um það í hvaða bol hún hafi verið og hvenær hún hafi skipt um bol, heldur er einnig misræmi í framburði hennar varðandi það hvort ákærði hafi setið eða staðið er hún hafi komið fram í stofuna, eftir að hún hafði háttað sig. Sagði hún í upphaflegri skýrslu sinni hjá lögreglu, 22. ágúst 2023, að hún hefði sest á undan ákærða í sófann og skoðað símann sinn, en hann síðan sest. Í síðari skýrslu sinni hjá lögreglu, 7. nóvember sama ár, svo og fyrir dómi, sagði hún að ákærði hefði setið á endanum á sófanum og hún sest á hinn endann. Er henni var bent á að misræmi væri í framburði hennar sagði hún það réttara sem hefði komið fram hjá lögreglu 22. ágúst 2023.
185. Þá er það sem fyrr segir athyglisvert, að mati dómsins, að A minntist hvorki einu orði á það í fyrri skýrslu sinni fyrir lögreglu, sem gefin var tæpum tveimur mánuðum eftir umræddan atburð, að vitnið C hefði verið í íbúðinni, né heldur í samtölum sínum við vinkonur sínar, G og I, eða við kærasta sinn, H, fljótlega eftir meint brot ákærða. Greindi I frá því fyrir dómi að A hefði fyrst minnst á C, sem telja verður mikilvægt vitni í málinu, eftir skýrslugjöf hjá lögreglu. Telja verður hins vegar sannað, meðal annars með framburði A sjálfrar fyrir dómi, að C hafi verið í íbúðinni umrædda nótt.
186. Ákærði og vitnið C hafa á móti frá fyrstu skýrslum hjá lögreglu gefið staðfasta framburði um að C hafi verið í íbúðinni þessa nótt og um klæðaburð A og staðsetningu hvers og eins er hún hafi komið fram í stofuna og sest í sófann hjá ákærða, skömmu áður en hún segir ákærða hafa brotið á sér. Samrýmast framburðir ákærða og C um klæðaburð A síðasta framburði hennar sjálfrar um það atriði, þ.e. frásögn hennar fyrir dómi. Þá fá þeir einnig stoð í nefndri ljósmynd, sem ákærði tók af vitninu fyrir um kvöldið, sem og af ljósmyndum sem teknar voru á síma A eftir að ákærði hafði yfirgefið íbúðina, sem sýndu hana í sama bol og hún hafði verið í er ákærði tók fyrri myndina.
187. Þá sýnir ljósmyndin, sem ákærði tók af A og B fyrr um nóttina, sömuleiðis að A var í öllu falli komin í umræddan bol, þ.e. gráan eða grágrænan bol með hlýrum, mun fyrr en hún hefur sjálf sagt, en hún bar sem fyrr segir fyrir lögreglu að hún hefði ekki skipt um föt fyrr en allir voru farnir. Því getur það ekki verið rétt að A hafi fyrst skipt um bol eftir að allir voru farnir, aðrir en ákærði

og vitnin E og F, líkt og A hafði áður haldið fram. Ljósmyndin sýnir að svo var ekki, enda var A komin í umræddan bol á meðan B var enn í íbúðinni og þá væntanlega sömuleiðis D og C.

188. A sagðist fyrir dómi vera viss um að vitnið C hefði verið farinn er hún hefði komið fram, á bol og nærbuxum og með sæng, og að enginn hefði setið í stólnum á móti þeim ákærða. Annað væri tilbúningur. Þá kvað hún að ekki hefði verið hægt að sjá að hún væri á nærbuxunum þar sem hún hefði vafið sæng sinni utan um sig. Þrátt fyrir það gátu bæði ákærði og C lýst klæðaburði hennar er hún kom fram og settist í sófann, og það jafnvel með áreiðanlegri hætti en A sjálf. Framburðir þeirra fá, hvað það varðar, stoð í framburði A sjálfrar fyrir dómi, eins og áður segir, en hún sagðist fyrir dómi hafa verið í bol sem samrýmist lýsingum ákærða og vitnisins C.
189. Ætlaðar tímasetningar þennan morgun samrýmast auk þess betur framburði ákærða en framburði A, en ákærði hefur sem fyrr segir ítrekað borið að þau tvö hafi rætt saman í langa stund eftir að hinni kynferðislegu háttsemi lauk. Getur það sem fyrr segir komið heim og saman við það að C hafi yfirgefið íbúðina rétt fyrir kl. 06:00 þennan morgun og ákærði um kl. 08:00. Á hinn bóginn væri óskýrt gat í tímalínunni væri það rétt sem A segir, að ákærði hafi yfirgefið íbúðina skömmu eftir hina kynferðislegu háttsemi.
190. Þegar allt það er virt í heild sinni, sem rakið hefur verið hér að framan, sem og að framburður A um að vitnið C hafi yfirgefið íbúð hennar um leið og vitnin B og D, ef ekki fyrr, stangast á við framburði þessara vitna og framburð ákærða, þá verður að telja að hér sé um slík grundvallaratriði að ræða að þau dragi ekki aðeins verulega úr trúverðugleika framburðar A hvað þessi tilteknu atriði varðar, heldur einnig almennt séð og þar á meðal framburðar hennar um það að ákærði hafi brotið gegn henni með þeim hætti sem í ákæru greinir.

Niðurstæða varðandi sekt eða sakleysi.

191. Ákærði og vitnið A eru sem fyrr segir ein til frásagnar um það hvað gerðist á milli þeirra umrædda nótt, 25. júní 2023, eftir að vitnin B, D og C höfðu yfirgefið íbúð A og vitnin E og F voru gengin til náða. Ber mikið í milli þeirra og upplifun þeirra er augljóslega mjög ólík.
192. Ákærði, sem telst saklaus uns sekt hans hefur verið sönnuð fyrir dómi, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem hefur lagagildi hér á landi samkvæmt lögum nr. 62/1994, hefur sem fyrr segir staðfastlega neitað sök allt frá því áður en mál þetta hófst. Þá hefur framburður hans verið metinn trúverðugur hér að framan, enda fær hann að miklu leyti stoð í framburðum vitna, svo langt sem þeir framburðir ná, ekki síst framburðum vitnanna C og D, en einnig í framburðum annarra vitna.
193. Ákæra á hendur ákærða styðst fyrst og fremst við framburð vitnisins A, ætlaðs brotaþola í málinu. Hefur hér að framan verið komist að þeirri niðurstöðu að mótsagnir, ónákvæmni, misræmi og eyður í upphaflegri frásögn A, varðandi atvik í aðdraganda hinnar kynferðislegu háttsemi, sem og

eyður í samtölum og samskiptum fyrst á eftir, dragi verulega úr trúverðugleika framburðar A. Á það ekki aðeins við um þau tilteknu atriði sem þar um ræðir heldur einnig um framburð hennar að öðru leyti, þar með talda frásögn hennar af hinni kynferðislegu háttsemi, sem hún og ákærði eru ein til frásagnar um.

194. Framburður A fær auk þess ekki að öllu leyti fullnægjandi stoð í gögnum málsins, auk þess sem hann er að hluta til í andstöðu við annað sem komið er fram í málinu, svo sem framburði annarra vitna. Dregur það, auk annars, úr sönnunargildi framburðar hennar í málinu. Þykir framburður A þar af leiðandi ekki vera nægilega áreiðanlegur til að sakfelling ákærða verði á honum byggð, hvað þá gegn eindreginni neitun hans sjálfs.
195. Önnur gögn eru takmörkuð og engan veginn fullnægjandi til að unnt sé að álykta um sekt ákærða. Til að mynda fór engin læknisfræðileg skoðun fram á neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi, hverju sem þar er um að kenna. Niðurstöður slíkrar skoðunar liggja þar af leiðandi ekki fyrir í málinu. Þá þykja þau gögn sem fyrir liggja í málinu, þar með taldir framburðir vitna, ekki síður styðja framburð ákærða en framburð A, og jafnvel enn frekar. Verður því ekki sagt að framburðir annarra vitna eða önnur gögn málsins styðji frekar framburð A af atvikum en framburð ákærða.
196. Að öllu framangreindu virtu og að teknu tilliti til þeirra sönnunarkrafna sem gerðar eru í sakamáli, sem vikið var að hér að framan, verður ekki séð að lögfull sönnun sé komin fram um sekt ákærða. Verður með öðrum orðum ekki talið að það sé hafið yfir allan skynsamlegan vafa í málinu að ákærði hafi haft kynferðismök við vitnið A umrædda nótt, án hennar samþykkis, eða að öðru leyti viðhaft þá háttsemi sem lýst er í verknaðarlýsingu ákæru, umfram það sem hann hefur sjálfur kannast við. Verður ákærði þegar af framangreindum ástæðum sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í málinu, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008.
197. Þar sem ákærði hefur hér að framan verið sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins í málinu ber jafnframt að vísa einkaréttarkröfu A, sem tiltekin er í ákæru, frá dómi, sbr. 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008.
198. Á sama hátt verður ákærði ekki látinn bera sakarkostnað málsins, þar sem hann hefur verið sýknaður, sbr. 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008. Ber þess í stað að greiða allan sakarkostnað málsins úr ríkissjóði, sbr. nefnda grein og 1. mgr. 233. gr. sömu laga, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 4.687.200 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, og þóknun réttargæslumanns A, Evu Bryndísar Helgadóttur lögmanns, sem þykir einnig hæfilega ákveðin 4.687.200 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Er þóknun skipaðs verjanda og skipaðs réttargæslumanns ákveðin með hliðsjón af umfangi starfa þeirra á rannsóknarstigi málsins og við meðferð málsins fyrir dómi, sbr. annars

vegar 2. mgr. 38. gr. og hins vegar 2. mgr. 48. gr. laga nr. 88/2008. Annar sakarkostnaður málsins, samtals að fjárhæð 399.906 krónur, greiðist sömuleiðis úr ríkissjóði.

199. Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Arnþrúður Þórarinsdóttir saksóknari.

200. Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákærvaldsins í málinu.

Einkaréttarkröfu A er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar lögmanns, 4.687.200 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, þóknun skipaðs réttargæslumanns A, Evu Bryndísar Helgadóttur lögmanns, 4.687.200 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og annar sakarkostnaður, 399.906 krónur.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson